

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

14

MAÍ 1994





BLIKI er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-629822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaut.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning og umbrot: BLIKI, með PageMaker® 5.0
Filmugerð og litgreining: Prentþjónustan hf.
Prentun og bókband: G Ben Prentstofa hf.

© 1994 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:
Skógarþröstur við pylsuvagn
í Tryggvagötu í Reykjavík.
3. apríl 1991.
Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Jóhann Óli Hilmarsson.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Varphættir auðnutittlinga á Norðurlandi

Inngangur

Auðnutittlingar *Carduelis flammea* eru algengir varpfuglar víða um land en algengastir í birkiskógum norðanlands og austan (Bjarni Sæmundsson 1936, Kristinn H. Skarphéðinsson 1982). Útbreiðsla þeirra hefur aukist með vaxandi skógrækt. Auðnutittlingar hófu t.d. að verpa í Reykjavík upp úr 1950 (Kristinn H. Skarphéðinsson 1982). Þeir eiga það einnig til að verpa um tíma á svæðum, þar sem þá er venjulega ekki að finna, s.s. á Siglufirði (Guðbrandur Magnússon 1981).

Flestar rannsóknir á íslenskum auðnutittlingum hafa fjallað um skyldleika við aðra varpstofna (Hantzsch 1904, Salom-

onsen 1928, Bird 1935, 1936, Blair 1936, Vaurie 1957, Williamson 1961, Knox 1988, Herremans 1990, BOU Records Committee 1991). Vistfræði þeirra hefur lítið verið könnuð, en sjá þó Timmermann (1938, 1946), Bengtson (1970), Ólaf K. Nielsen (1980) og Jóhann Ó. Hilmarsson (1992).

Á árunum 1979 til 1990 athuguðum við auðnutittlinga í S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði. Markmiðið var einkum að: (1) fylgjast með þéttleika vaps og breytingum milli ára, (2) skrá eggjafjölda og varpárangur, (3) kanna í hvers konar trjám auðnutittlingar verpa og (4) merkja unga og fullorðna fugla.



1. mynd. Skógarreitur við Viðifell. Útsýn norður Fnjóskadal. – The plantation at Viðifell, Fnjóskadalur valley, S-Þingeyjarsýsla. View towards north. Ljós. Sverrir Thorstensen, sept. 1992.

Athugunarsvæði

Aðalathugunarsvæðið, sem er 2,5 ha að stærð, er við bæina Viðivelli og Viðifell í Fnjóskadal, hér eftir nefnt Viðifell (1. mynd). Athuganir á va pi fóru þar fram á árunum 1981 til 1990.

Viðifell er nýbýli úr landi Viðivalla, byggt árið 1961. Við bæina eru skógræktarreitir og trjágarðar. Elsti reiturinn er við Viðivelli og er hann jafnframt stærstur, u.þ.b. 0,9 ha. Gróðursetning hófst þar árið 1943, svokölluðum Tjarnargarði, en brekkunni fyrir ofan hann árið 1946. Í fyrstu var plantað birki, reyni og furu, en síðar einnig greni og lerki. Nú er mest af greni og birki í reitnum, álíka mikið af hvorri tegund. Heldur minna er af lerki, og aðeins örfá reyni- og furutré standa eftir. Hæstu grenitrén (6-8 m há) eru syðst í reitnum, rétt norðan við bæjarlækinn, greni og birki eru um miðjan reit en lerki aðallega nyrst. Efst eru strjál lerkitré og nokkrar furur.

Syðsti reiturinn er næst elstur. Gróðursetning hófst þar árið 1962, og er hann u.þ.b. 0,4 ha að stærð. Mest er þar af 3-4 m háum lerkitrjám, sem eru í 4-5 röðum í mólendi efst í reitnum. Neðan við lerkitrén er deiglendi sem þornar eftir því sem norðar dregur. Þar er birki, nokkur lágvaxin grenitré og gróskumiklir villtir gulviðirunnar.

Yngsti skógræktarreitinn er milli fyrrnefndra reita og beint ofan Viðifellsbæjarins. Hann er u.þ.b. 0,7 ha að stærð, en þar voru fyrstu trén gróðursett árið 1964. Lerki er algengasta trjátegundin, en inn á milli eru lágvaxin grenitré. Nokkur stæðileg grenitré (2-4 m há) eru nyrst og næst útihúsum, en ýmis mannvirki og gróíð lækjargil aðgreina þennan reit frá þeim elsta norðan lækjarins.

Umhverfis íbúðarhúsið Viðifelli er skrudgarður, um 0,1 ha að stærð. Þar er blandaður trjágróður, birki, greni og viðirunnar af ýmsum tegundum. Einnig er svolítill trjágarður við Viðivelli, u.þ.b. 0,03 ha. Hlað og byggingar ná síðan yfir um 0,4 ha af athugunarsvæðinu við Viðifell.


Auðnutittlingar urpu fyrst á athugunarsvæðinu einhvern tímann á árunum 1953-1957, en þá gerðu tvö pör sér hreiður í viðirunnum við Viðivelli. Bæði hreiðrin fuku í hvassviðri og sum eggin brotnuðu. Álfhildur Jónsdóttir, nú húsmóðir í Viðifelli, kom hreiðrunum fyrir á nýjan leik og festi með bandspottum, og tókst öðru þarinu að unga út. Hitt parið yfirgaf hreiðrið, en fuglarnir reyndu að byggja nýtt með því að nota efni úr gamla hreiðrinu. Þeir gerðu ítrekaðar tilraunir til að ná bandspottanum, en þá tókst ekki betur til en svo, að annar fuglinn flæktist í honum og drapst. Ekki varð vart við verpandi auðnutittlinga á athugunarsvæðinu næstu ár, en frá því um 1960 hafa þeir orpið þar að staðaltri.

Aðferðir

Leit að hreiðrum í trjáreitunum hófst um eða upp úr 10. maí ár hvert. Leitað var skipulega á svæðinu, oftast með aðstoð 1-3 manna. Viðifelli voru öll hreiður sem fundust merkt og númeruð. Skráð var lýsing á hreiðurstað, trjátegund, hæð yfir jörðu, fjöldi eggja og/eða unga og hvort legið væri á hreiðri eða ekki. Farið var um svæðið með 3-7 daga millibili, bæði í hreiðurleit og til þess að fylgjast með framvindu varps í áður fundnum hreiðrum. Ungar voru merktir 5-7 daga gamlir. Fylgst var með hreiðrunum uns ungarnir voru farnir úr þeim.

Auðnutittlingar voru merktir með merkjum frá Náttúrufræðistofnun Íslands víða í S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði á árunum 1979-1990, og eru merkingarstaðirnir sýndir á 2. mynd. Auk okkar hafa ýmsir aðrir lagt hönd á plóginn, og eru merkingar þeirra teknar hér með (merkingaskýrslur Náttúrufræðistofnunar). Þar er helst að nefna Bretana Alan G. Knox og Tim Parmenter, sem dvöldu hér á landi vorið 1983 við rannsóknir á skyldleika íslenskra auðnutittlinga við aðra auðnutittlingsstofna. Þeir veiddu fullvaxna auðnutittlinga í net, bæði við Viðifell og í Vaglaskógi (Knox 1988).

2. mynd. Staðir í S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði þar sem auðnutittlingar voru merktir á árunum 1979-1990. – Ringing localities of Redpolls in S-Þingeyjarsýslu and Eyjafirður during the years 1979 to 1990.



1. Akureyri, 2. Klauf, 3. Laugaland, 4. Svertingsstaðir, 5. Sigluvík, 6. Gautsstaðir, 7. Víðifell, 8. Végeirsstaðir, 9. Hallgilsstaðir, 10. Háls, 11. Vaglaskógur, 12. Lundur, 13. Þórðarstaðir, 14. Arnstapi, 15. Hrífla, 16. Ystafell, 17. Aðaldalsflugvöllur, 18. Húsavík, 19. Hraun, 20. Laugaból, 21. Hrísar, 22. Höfði, 23. Halldórsstaðir.

Niðurstöður

Varpstaðir

Auðnutittlingur er eina íslenska fugla- tegundin sem verpur eingöngu í trjám (3. mynd). Kannað var í hvers konar trjám fuglarnir byggðu sér hreiður (1. tafla).

Flest auðnutittlingshreidrin við Víðifell voru í grenitrjám, en einnig nokkur í lerki og birki. Lerkitré eru algengust í Víðifelli, en flest of smávaxin og gisin, að því er virðist, til þess að henta sem hreiðurstaðir. Álíka mikið er af birki- og grenitrjám, en lítið af víðirunnum, og furur eru sárafáar. Á öðrum svæðum voru hreiðrin oftast í birki, þar næst greni og síðan lerki.

Við Víðifell var munur á varpstöðum í fyrra og seinna varpi. Árin 1986-88 voru 72% (n=32) hreiðranna í fyrra varpi í grenitrjám, en 50% (n=14) í því seinna. Breytingin var aðallega frá grenitrjám til lerkis, 9% hreiðranna voru lerki í fyrra varpi en 43% í því seinna. Þessi breyting er eflaust tengd því að brum springa út og fuglarnir geta betur falið hreiðrin.

Hæð hreiðra yfir jörðu var skráð í 87 tilvikum, og eru niðurstöður sýndar í 2. töflu. Áberandi er að hreiður í greni og furu voru lægra yfir jörðu en hreiður í birki eða

1. tafla. Tegundir trjáa sem auðnutittlingar urpu í á árunum 1981-90. – *Types of trees used by Redpolls during 1981-90.*

Trjáttegund <i>Tree species</i>	Fjöldi hreiðra - <i>No. of nests (%)</i>	
	Víðifell <i>Víðifell</i>	Annars staðar <i>Other localities¹</i>
Víðir - <i>Willow</i>	1 (1)	0 (0)
Fura - <i>Pine</i>	3 (4)	3 (5)
Greni - <i>Spruce</i>	44 (63)	22 (35)
Lerki - <i>Larch</i>	11 (16)	9 (15)
Birki - <i>Birch</i>	11 (16)	28 (45)
Samtals - <i>Total</i>	70 (100)	62 (100)

1) Staðir sem sýndir eru á 2. mynd. – *Localities shown in Fig. 2.*

lerki. Ástæðan er lögun og vaxtarlag trjáanna, en greni og fura eru sterkbyggðari tegundir en birki- og lerkitré af sambærilegri hæð.

Varptími

Hreiður fændust á mismunandi varpstigum, t.d. í byggingu, með einu eggi, fullorpið hreiður, ungar að klekjast, ungar orðnir stórir o.s.frv. Frá þessum stigum var reiknaður út dagurinn sem fyrsta eggi var orpið í hvert hreiður (Swanberg 1950). Eftirfar-



3. mynd. Auðnutittlingur er eina íslenska fuglategundin sem verpur eingöngu í trjám. Myndin er tekin við Bæjartjörn hjá Stórutjarnaskóla, S-Þing. – *Redpolls only nest in trees. The picture is taken at Bæjartjörn near Stórutjarnaskóli, S-Þing. Ljósmei. Sverrir Thorstensen, 20.6.1992.*

2. tafla. Hæð hreiðra auðnutittlings yfir jörðu á athuganasvæðunum í S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði á árunum 1979 til 1990. – *Height of Reipoll nests above ground in the study areas during 1979 to 1990.*

Trjátegund <i>Tree species</i>	Fjöldi hreiðra <i>No. of nests</i>	Meðalhæð (m) yfir jörðu <i>Average height (m) above ground</i>	Dreifing <i>Range</i>
Viðir - <i>Willow</i>	1	0,5	-
Fura - <i>Pine</i>	5	1,5	0,5 - 2,0
Greni - <i>Spruce</i>	39	1,6	0,5 - 4,0
Lerki - <i>Larch</i>	17	2,0	1,0 - 3,5
Birki - <i>Birch</i>	25	2,9	0,2 - 6,0

andi forsendur voru notaðar við þá útreikninga: Einn sólarhringur líður á milli eggja, klaktími er ellefu dagar og ungar eru tólf daga í hreiðri (Peiponen 1962, Pulliainen 1979, Nyström & Nyström 1987). Varptími fyrsta eggs í hverju hreiðri var síðan notaður til samanburðar á varptíma.

Varptími auðnutittlinga árin 1986-88 er sýndur á 4. mynd, en upplýsingar um önnur ár eru ekki nægar til þess að unnt sé að taka þær með.

Súluritið sýnir greinilega að auðnutittlingar urpu tvisvar árin 1986 og 1988 en aðeins einu sinni árið 1987. Ef varptími fyrsta eggs í hreiðri er borinn saman þessi þrjú ár sést að varp auðnutittlinga í Viðifelli teygðist yfir tveggja mánaða tímabil (30. apríl - 30. júní).

Fuglarnir urpu á svipuðum tíma vorin 1987 og 1988, en mun seinna 1986. Miðgildi varps, þ.e. þegar orpið hefur verið í helming hreiðra, var 3.-4. maí í fyrra varpi árið 1987. Árið 1988 var miðgildið á svo til sama tíma, eða 6. maí, en ekki fyrr en 17. maí árið 1986. Munurinn liggur líklega í mismunandi hitastigi á varptíma (5. mynd).

Ef varp tekst sem skyldi, líða 28-31 dagur frá hreiðurbyggingu þar til ungar yfirgefa hreiðrið. Ein va plota samsvaraði ágætlega þeim daga jölda sem var á milli fyrra og seinna varps, því árið 1986 voru 32 dagar milli miðgilda og 31 dagur 1988. Samkvæmt þessu hefst seinna varp strax og ungar úr fyrra hreiðri eru orðnir sjálfstæðir.

Árið 1986 voru 17 hreiður í fyrra varpi en 6 í því seinna. Aðeins um þriðjungur fuglanna virðist hafa orpið tvívegis og er þá gert

råd fyrir að um sömu fuglana sé að ræða. Árið 1988 var þessu öðruvísi farið. Þá fannst svipaður fjöldi hreiðra báðum varp-lotum, 7 hreiður í fyrra varpi en 8 í því seinna.


Stærð varpstofns

Fjöldi fundinna hreiðra í Viðifelli var meiri en fjöldi varppara þau ár sem auðnutittlingar urpu tvisvar. Fjöldi varppara var talinn mesti fjöldi hreiðra sem fannst í fyrra eða seinna varpi.

Mikill munur var á jölda para milli ára, allt frá einu upp í 17 (3. tafla). Áhugamenn um fugla hafa lengi gert sér grein fyrir miklum sveiflum í stofni auðnutittlinga þótt þær hafi ekki verið sýndar áður með tölum hér á landi. Þegar best lét samsvaraði þéttleiki para 680 pörum á km², og hefur hvergi á landinu mælst þéttara varp en við Viðifell árið 1986 (sbr. Bengtson 1970, Ólaf K. Nielsen 1980, Jóhann Ó. Hilmarsson 1992).

Algjört hrun varð í stofni auðnutittlinga í Viðifelli sumarið 1989, eins og 3. tafla sýnir. Sumarið 1988 fórum við víða um S-Þingeyjarsýslu og Eyja jörð til þess að leita að hreiðrum og merkja unga. Árið eftir voru átta þeirra staða heimsóttir aftur og fékkst þá staðfesting á því að hrúnið var ekki einskorðað við athugunarsvæðið í Viðifelli. Eins og 4. tafla sýnir var fjöldi hreiðra 1989 aðeins 3% af hreiðurfjölda 1988. Hliðstæðar tölur í Viðifelli voru átta hreiður 1988 og eitt 1989, eða 12% af fjölda hreiðra árið áður (sbr. 3. töflu).

Samkvæmt þeim gögnum sem við höfum virðist fækkunin í stofninum fyrst og fremst



4. mynd. Varp tími auðnutittlinga í Víðifelli 1986, 1987 og 1988. – *The laying dates for Redpoll nests at Víðifelli in 1986, 1987, and 1988.*

hafa átt sér stað seinni hluta vetrar 1988-89. Haustið 1988 var fjöldi auðnutittlinga í meðallagi á Húsavík (sjá viðauka). Talningum um jólaeytið 1988 voru auðnutittlingar heldur fleiri en á svipuðum tíma 1987, 73 á móti 57 á 15 svæðum þar sem talið var bæði árin (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989). Ef bornar eru saman niðurstöður á 24 svæðum sem talin voru um jólin bæði árin 1988 og 1989 komu fram tæplega 40% færri (233 á móti 373) auðnutittlingar 1989 en 1988 (Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991, 1993). Auðnutittlingsstofninn virðist því hafa verið í stærra lagi nálægt áramótum 1988-89. Þegar líða tók að varptíma 1989 urðu fuglaskoðarar víða um land varir við að veruleg fækkun hafði átt sér stað, og sums staðar vantaði auðnutittlinga algjörlega (viðauki). Hrunið í stofninum hefur því átt sér stað á útmánuðum 1989 (sjá umræðu).

Varpárangur

Varpárangur, þ.e. fjöldi unga sem yfirgefur hreiður miðað við fjölda eggja, var aðeins reiknaður árin 1986, 1987 og 1988, þar eð of litlar upplýsingar voru frá öðrum árum (5. tafla).

Varpárangur virtist betri í seinna vaði en því fyrra árin 1986 og 1988, þótt munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur ($t=-1,96$, $P>0,05$ 1986; $t=0,30$, $P>0,05$ 1988) enda úrtakið lítið. Meðalfjöldi eggja í


hreiðri þessi þrjú ár var 5,1 og varpárangur að meðaltali 86%. Nokkur munur var milli ára. Áberandi flest egg voru í hreiðri árið 1988, og flestir ungar komust úr hreiðri það ár, þótt varpárangur hafi ekki verið hlutfallslega eins góður og 1987. Sérstaklega er áberandi hve varpárangur var slakur úr fyrra varpi 1986, þegar þörin voru flest. Varpárangur virðist vera í öfugu hlutfalli við fjölda para. Samband þessara þátta þarf þó ekki alltaf að vera eins, t.d. þegar varpör eru mjög fá eða mjög mörg.

Merkingar

Auðnutittlingar voru merktir í Víðifelli á árunum 1979 til 1990, svo og víða annars staðar á svæðinu (6. tafla).

Fram að þessu (apríl 1994) hafa endurheimtur verið sárafaar og gefa því ekki tilefni til bollalegginga. Alls hafa fundist 9 fuglar (0,9%), þar af 7 dauðir á merkingarstað. Fjórir þeirra voru ungar sem drápu í hreti áður en þeir náðu að yfirgefa hreiðrið. Tveir ungar og einn fullvaxinn fugl fundust dauðir á merkingarstað um einum og hálfum mánuði eftir merkingu. Einn fullvaxinn fugl, sem var merktur síðla vetrar, náðist lifandi á sama stað tæpum einum og hálfum mánuði síðar. Þá er aðeins ónefndur einn fullvaxinn fugl sem merktur var á varptíma í Mývatnssveit og fannst í ælu úr fálka *Falco rusticolus* um einu og hálfu ári síðar 12 km frá merkingarstað.

5. mynd. Samband miðgildis fyrra varps hjá auðnutittlingum í Víðifelli og meðalhita á veðurstöðinni Lerkihlíð í Vaglaskógi í maí 1986, 1987 og 1988. – *The relationship between the median value of laying in first nests by Redpolls at Víðifell and the mean temperature during May 1986, 1987 and 1988, at the weather station at Lerkihl ð, Vaglaskógur.*



1) Sjá See Veðráttan 1986, 1987 og 1988.

Umræða

Varpstaðir

Auðnutittlingar verpa eingöngu í trjám, en tvö atriði stjórna því öðru fremur hvers konar trjám auðnutittlingar byggja hreiður sín: (1) trjátegundir á varpstað og (2) styrkur þeirra. Styrkur trjáa fer bæði eftir hæð og tegund. Þannig er líklegra að finna auðnutittlingshreiður í eins metra háu grenitré en jafnháu birkitré.

Könnun okkar í Víðifelli leiddi í ljós að tré voru valin nokkurn veginn samræmi við framboð hentugra trjáa, Víðifelli helst greni. Flest önnur auðnutittlingshreiður fundust í Vaglaskógi, og þar voru hlutfallslega fleiri hreiður í birkitrjám en í Víðifelli (sjá 1. töflu), enda er Vaglaskógur að mestu birkiskógur.

Auðnutittlingar byrja að verpa þáð snemma á vorin, að birki og lerki eru ekki farin að grænka, og á þeim tíma veita grenitré meira öryggi og skjól. Val á hreiðurstað breyttist milli fyrra varps og þess seinna, líklega vegna þess að birki og lerki laufg-

uðust og veittu t.d. fullt eins mikið skjól gegn ræningjum og greni. Gera þarf skipulegri könnun á hreiðurstöðum auðnutittlinga og þeim þáttum sem stjórna vali þeirra en hér var unnt.

Þéttleiki varps og hruu stofnsins 1989

Varpþéttleiki auðnutittlinga hefur verið kannaður hér á landi á fimm stöðum öðrum en Víðifelli, þ.e. á þremur stöðum Mývatnssveit á árunum 1961-66 (Bengtson

3. tafla. Fjöldi auðnutittlingspara í Víðifelli á árunum 1985-90. Stærð svæðis er 2,5 ha. – *The number of Redpoll pairs breeding at Víðifell during 1985-90. The study area totals 2,5 ha.*

Ár Year	Fjöldi para No. of pairs	Þéttleiki (pör/km ²) Density (pairs/km ²)
1985	4	160
1986	17	680
1987	8	320
1988	8	320
1989	1	40
1990	2	80

4. tafla. Samanburður á varpstofnum auðnutittlings á átta stöðum í Eyjafirði og S-Þingeyjarsýslu sumrin 1988 og 1989. – *A comparison of the size of the breeding populations of Redpoll at eight localities in Eyjafjörður and S-Þingeyjarsýsla 1988 and 1989.*

Staður Locality ¹	Fiöldi hreiðra - No. of nests in: ²	
	1988	1989
Akureyri	4	0
Laugaland	4	0
Svertingsstaðir	5	0
Gautsstaðir	9	1
Végeirsstaðir	9	0
Vaglaskógur	8	0
Halldórsstaðir	0	0
Höfði	0	0
Samtals - Total	39	1

- 1) Staðirnir voru heimsóttir frá einu til fjórum sinnum hvort ár, árið 1988 á tímabilinu 20. maí til 25. júní, og 22. maí til 24. júní árið 1989. – *The localities were visited one to four times each year, in 1988 between 20 May - 25 June, and in 1989 between 22 May - 24 June.*
- 2) Aðeins eru tekin með þau hreiður sem álitin voru af fyrra varpi. – *Included are only those nests which were considered of first broods.*

1970), í Varastaðaskógi í Laxárdal árið 1978 (Ólafur K. Nielsen 1980) og í Öskjuhlíð í Reykjavík 1992 (Jóhann Ó. Hilmarsson 1992). Á þessum stöðum voru syngjandi karlfuglar á óðulum taldir og merktir inn á kort, en athugun okkar byggir á fundnum hreiðrum.

Bengtson kannaði þéttleika auðnutittlinga í villtum birkiskógi á tveimur stöðum í hrauninu sunnan Reykjahlíðar, svo og í Höfða. Víðifell og Höfði eru lík svæði, blandaður skógur með greni, birki og ýmsum öðrum trjátegundum. Höfða voru að meðaltali 123 óðul/km² (100-180) á árunum 1961-66, en í Víðifelli var meðaltal áranna 1985-90 talsvert hærri, eða 267 pör/km² (40-680). Sennilega er óraunhæft að bera saman þéttleika í Mývatnssveit og Víðifelli í ljósi þess hve fjöldi auðnutitt-

linga breytist mikið milli ára, en um aldarfjórðungur leið milli þessara athugana. Auðnutittlingar nærast að miklu leyti á birkifræjum (sjá t.d. Enemar & Nyström 1981), og Vaglaskógur, annar stærsti birkiskógur landsins, er Fnjóskadal. Það eitt bendir til þess að fæðumöguleikar auðnutittlinga ættu að vera betri við Víðifell en í Mývatnssveit og þéttleiki varpfugla þess vegna meiri.

Öskjuhlíð Reykjavík voru talin 267 óðul/km², sem er jafn mikið og meðalþéttleiki Víðifelli, en á öðrum athugunarsvæðum voru mun færri varppör. Hvergi var eins þétt varp og í Víðifelli 1986 (3. tafla). Í Varastaðaskógi, sem er birkiskógur, voru 77 óðul/km², en í hrauninum voru langtum færri fuglar, 30 óðul/km² og 18 óðul/km². Á þessum svæðum er gróður náttúrulegri en í Víðifelli, Höfða og Öskjuhlíð, sem eru að mestu skógræktarreitir. Varppéttleiki var miklu meiri þar sem erlendum trjám hefur verið plantað en í villtum skógi.

Algjört hrun varð í varpstofni auðnutittlinga á athugunarsvæðunum árið 1989 (4. tafla). Sama virðist hafa gerst annars staðar á landinu, eins og athuganir fuglaskoðara vitna um (viðauki). Árið áður var varpstofninn í Víðifelli meðallagi, en hreiður auðnutittlinga fundust einnig víða annars staðar S-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði (4. tafla). Alls voru merktir 363 fuglar þetta ár, eða tæpum 160% fleiri en næstbesta árið (1986, 6. tafla). Merkingaferðir 1988 voru samt ekki fleiri en önnur ár, svo stofninn hefur verið stærri en í meðallagi ef lítið er til allra athugunarsvæðanna. Þetta ár var varpárangur líka mjög góður (91% í Víðifelli, 5. tafla). Því má fullyrða, að hrun varpstofnsins 1989 áfi hvorki verið vegna lítils stofns né lélegrar varpafkomu árið áður.

Ýmislegt bendir til þess, að fækkunin í stofninum hafi orðið seinni hluta vetrar 1988-89 (viðauki). Fæða auðnutittlinga að vetrarlagi er aðallega birkifræ, og fræfall getur verið mjög breytilegt milli ára. Engar tölur eru til um fræframleiðslu haustið 1988, en skógræktarmenn segja að fræfall hafi verið gott um haustið (Sigurður Skúla-

5. tafla. Fjöldi eggja í hreiðrum, fjöldi unga sem yfirgaf hreiður og hlutfallslegur varpárangur hjá auðnutittlingum Víðifelli sumurin 1986, 1987 og 1988. Fyrri og seinna varp aðskilið. – *No. of eggs and breeding success among Redpolls at Viðifell in three different years, 1986 to 1988. First and second brood are shown separately.*

	Ár - Year:					
	1986		1987		1988	
	Fyrri varp First brood	Seinna varp Second brood	Fyrri varp First brood	Fyrri varp First brood	Seinna varp Second brood	
Fjöldi - <i>n</i>	15	6	8	5	5	
Fj. eggja - <i>Clutch size</i> ¹						
4	4	0	2	0	0	
5	10	5	5	1	3	
6	1	1	1	4	2	
Meðaltal - <i>Mean</i>	4,8	5,2	4,9	5,8	5,4	
Staðalfrávik - <i>SD</i>	0,6	0,4	0,6	0,4	0,5	
Fjöldi - <i>n</i>	17	6	7	7	8	
Fjöldi unga - <i>No. chicks</i> ²						
0	2	0	0	0	0	
1	0	0	0	0	0	
2	0	0	0	0	0	
3	5	0	0	1	0	
4	5	2	3	0	2	
5	5	3	4	3	4	
6	0	1	0	3	2	
Meðaltal - <i>Mean</i>	3,5	4,8	4,6	5,1	5,0	
Staðalfrávik - <i>SD</i>	1,5	0,8	0,5	1,1	0,8	
Varpárangur (%)	74	93	94	88	93	
Breeding success (%)		82	94		91	

1) Mesti fjöldi eggja sem fundinn var í hreiðri. – *The largest number of eggs in nest.*

2) Fjöldi unga sem yfirgaf hreiður. – *The number of chicks leaving nest.*

3) Fjöldi eggja var óviss í 2 hreiðrum í fyrri varpi 1986, 2 í fyrri varpi 1988 og 3 í því seinna. Einnig var fjöldi unga óþekktur í einu hreiðri 1987. – *The clutch size was uncertain in 2 nests in first brood 1986, 1 in first brood and 3 in second brood 1988. The number of chicks leaving nest was also unknown for one nest 1987.*

son, munnl. uppl.). Lítið fæðuframboð haustið 1988 virðist því ekki vera ástæðan fyrir hruni auðnutittlingsstofnsins. Talningar um jólin 1988 sýndu líka að auðnutittlingar voru óvenju margir miðað við 1987 og 1989 (sbr. Ævar Petersen & Gauk Hjartarson 1989, 1991, 1993). Á útmánuðum 1989, sérstaklega í febrúar, var tíðarfar óvenju umhleypingasamt, stundum ofsaveður (Veðráttan 1989). Stofninn kann að hafa beðið afhroð í þeim veðrum, t.d. ef frá hafa fokið niður á jörð og snjór síðan hulið

þau fljótlega. Kanna þarf betur fæðu auðnutittlinga að vetrinum, þ.á m. hve lengi og í hve miklum mæli frá eru á trjámum.

Varptími og varpárangur

Auðnutittlingar í Víðifelli byrja að verpa um mánaðamótin apríl-maí. Ef kalt er í veðri hefst varpið seinna en þegar hlýtt er (5. mynd). Hitastigið þarf ekki að vera aðalatriðið, heldur aðrir umhverfisþættir tengdir því, t.á m. fæðuframboð. Þegar auðnutittlingar eru að undirbúa varp og mynda

6. tafla. Fjöldi og aldur merktra auðnutittlinga á árunum 1979-90. – *The number and age of Redpolls ringed during 1979-90.*

Ár Year	Ungar í hreiðri <i>Nestlings:</i>		Fullvaxnir <i>Fullgrown:</i>		Samtals Total
	Víðifell <i>Víðifell</i>	Annars staðar <i>Other locations¹</i>	Varptími <i>Br. season</i>	Utan varptíma <i>Off br. season²</i>	
1979	0	13	0	0	13
1980	18	0	5	0	23
1981	24	0	0	0	24
1982	14	28	1	0	43
1983	17	44	42	7	110
1984	4	11	0	1	16
1985	14	13	0	83	110
1986	76	58	2	5	141
1987	34	78	0	1	113
1988	74	221	1	67	363
1989	3	4	0	3	10
1990	13	24	0	1	38
Samtals - Total	291	494	51	168	1004

1) Staðirnir eru sýndir á 2. mynd. – *Localities shown in Fig. 2.*

2) Flestir fuglanna voru veiddir í slæðunet við Halldórsstaði í Bárðardal. – *Most of these birds were mist-netted at Halldórsstaðir, Bárðardalur.*

egg þurfa þeir líklega eggjahvíturík skor-
dýr. Þau eru minna á kreiki í köldu veðri og
líklega ekki aðgengileg fæða fyrir fuglana.

Stærð auðnutittlingsstofnsins sveiflast
mikið milli ára og varphættir fuglanna virð-
ast nokkuð sveigjanlegir, þannig að þeir
geti breytt þeim fyrirvaralitíð eftir mismun-
andi aðstæðum í umhverfinu. Líklega er
fæðuframboð sá þáttur í umhverfinu sem
vegur þyngst, en það virðast aukast eftir því
sem líður á sumar. Kjölfarið verpa fugl-
arnir fleiri eggjum og varpárangur batnar.
Vorið 1986 var varpstofn auðnutittlinga
mjög stór, og varp hófst óvenju seint. Skil-
yrði til varps virðast hafa lagast er á leið, því
fuglarnir náðu að verpa tvisvar og urpu
fleiri eggjum í seinna varpi (5. tafla). Ef
auðnutittlingar verpa tvisvar sama sumar,
þarf seinna varp einhverra hluta vegna að
hefjast um leið og ungar úr fyrra varpi eru
komnir á legg. Varpárangur var betri úr
seinna varpi 1986 en því fyrra, þótt hann
væri ekki jafngóður og þegar best lét. Vorið
1987 var varpstofninn í meðallagi stór og
varp hófst mjög snemma, kannski vegna
minni samkeppni í kjölfar fæni fugla en

1986. Fjöldi eggja var hins vegar með
minna móti. Fæðuframboð jókst væntan-
lega eftir því sem á leið, því varpárangur var
mjög góður, en þó ekki svo að fuglarnir
náðu að verpa að nýju. Ekki er útilokað, að
fuglarnir hafi flutt sig til annarra svæða í
seinna varpi. Slíkar tilfærslur kunna einnig
að hafa átt sér stað árið 1988, en þá inn á
svæðið, því fleiri pör urpu í seinna varpi en
í því fyrra. Vorið 1988 var stofninn í Víði-
felli í meðallagi stór eftir veturinn. Æti
virðist hafa verið ríkulegt, því varp hófst
snemma, mörg egg voru í hreiðrum og
varpárangur var mjög góður, sérstaklega í
seinna varpi.

Varpárangur auðnutittlinga virðist vera í
öfugu hlutfalli við þéttleika varppara. Sú
niðurstaða bendir ekki aðeins til þess að
fæðuframboð ráði hve margir ungar komist
úr hreiðri, heldur einnig að fjöldi varpfugla
sé við það mark sem fæðumagn svæðisins
býður upp á. Enemar & Nyström (1981)
komust að svipaðri niðurstöðu við rann-
sóknir á auðnutittlingum í Ammarnäs í
Svíþjóð. Þótt varpárangur í Víðifelli hafi
verið nokkuð lakari úr fyrra varpi en því

seinna, borgar það sig engu að síður fyrir faglana að verpa snemma, því hvert par kemur upp fleiri afkomendum með því að verpa tvisvar. Viðkoma úr varpi er þó aðeins einn þeirra þátta sem taka þarf tillit til þegar um stofnbreytingar hjá tegundinni er að ræða. Afkoma fuglanna utan varptíma er ekki síður þýðingarmikil og stjórnar miklu um það hversu stór varpstofninn er að vori.

Ljóst er að mörgum spurningum er enn ósvarað um lífshætti auðnutittlinga. Nauðsynlegt er að kanna mun ítarlegar fæðu fuglanna, ekki síst smádyralíf og magn birkifræs að vori, og jafnframt fæðu unga og fullorðinna fugla. Vert er að rannsaka nánar hugsanlegar tilfærslur milli svæða með reglubundnum athugunum á nokkrum nærliggjandi varpsvæðum. Ef auðnutittlingar verpa aðeins einu sinni á sumri, væri áhuga-vert að skoða hvaða aðstæður koma í veg fyrir seinna varp. Síðast en ekki síst þarf að skoða lífsafkomu auðnutittlinga milli ára með viðamiklum merkingum.

ÞAKKIR

Álfildur Jónsdóttir og Hulda Kristjánsdóttir í Viðifelli fyllt þakkið fyrir ómetanlega aðstoð og gestið sniðull árin. Aðstoðarmenn við hreiðurleit og merkingar, þau Þórey Ketilsdóttir, Ekhard Thorstensen, Ketill Þór, Kristján Óli og Sigurður Reynir Sverrissonir eiga þakkið skildar fyrir gott samstarf. Einnig þökkum við Sigurði Skúlasyni, skógarverði í Vaglakógi, veittar upplýsingar. Þórey og Björn Baldursdóttir lásu ennfremur yfir greinina og komu með margar þarflegar ábendingar, svo og Guðmundur A. Guðmundsson og ritstjórnarmeðlimir. Arnór Þ. Sigfússon aðstoðaði við tölfærði.

HEIMILDIR

- Bengtson, S.-A. 1970. Densities of passerine bird communities in Iceland. *Bird Study* 17(3): 260-268.
- Bird, E.G. 1935. The status of Redpolls in Iceland. *Ibis* 13. ser., 4(2): 438-441.
- Bird, E.G. 1936. Further note on Redpolls in Iceland. *Ibis* 13. ser., 5(2): 381.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Bókavarslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík. 699 bls.
- Blair, H.M.S. 1936. The Redpolls of Iceland. *Ibis* 13. ser., 6(2): 417-418.
- BOU Records Committee 1991. Fourteenth Report (August 1990). *Ibis* 133(2): 218-222.
- Enemar, A. & B. Nyström 1981. Om gräsiskans *Carduelis flammea* beståndsväxlingar, föda och häckning i fjällbjörkskog, södra Lappland. *Värfågelforskning* 40: 409-426.

- Guðbrandur Magnússon 1981. Auðnutittlingur stofnar nýlendu á Sigló. *Týli* 11(2): 69.
- Hantzsch, B. 1904. *Acanthis linaria islandica* subsp. nov. *Orn. Monatsber.* 12(2): 32-34.
- Herremans, M. 1990. Taxonomy and evolution in Redpolls *Carduelis flammea-hornemanni*, a multivariate study of their biometry. *Ardea* 78(3): 441-458.
- Jóhann Ó. Hilmarsson 1992. Varpfuglar í Öskjuhlíð 1992. Náttúrufræðistofnun Íslands. Obirt skýrsla til Borgarskipulags. 7 bls.
- Knox, A.G. 1988. The taxonomy of Redpolls. *Ardea* 76(1): 1-26.
- Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Spörfuglar. Bls. 181-207 í: *Fuglar. Rit Landverndar* 8. Reykjavík. 216 bls.
- Nyström, B. & H. Nyström 1987. Biotopval och häckning hos gräsiskor *Carduelis flammea* och snösiskor *C. hornemanni* i Ammannäsområdet, södra Lappland. *Värfågelforskning* 46: 119-128.
- Ólafur K. Nielsen 1980. Rannsóknir á þéttleika mófugla í Mývatnssveit 1978 og við Önuðarfjörð og Dýrafjörð 1979. Háskóli Íslands, 4. árs verkefni. 55 bls.
- Peiponen, V. 1962. Über Brutbiologie, Nahrung und geographische Verbreitung des Birkenzeisigs (*Carduelis flammea*). *Ornis fenn.* 39: 41-64.
- Pulliaainen, E. 1979. Behaviour of a pair of Redpolls, *Acanthis flammea*, at the nest. *Aquilo ser. Zool.* 19: 87-96.
- Salomonsen, F. 1928. Bemerkungen über die Verbreitung der *Carduelis linaria* Gruppe und ihre Variationen. *Vidensk. Medd. Dansk Naturh. Foren.* 86: 123-202.
- Swanberg, P.O. 1950. On the concept of "incubation period". *Värfågelforskning* 9(2): 63-80.
- Timmermann, G. 1938. Zur Fortpflanzungsbiologie des Birkenzeisigs (*Carduelis flammea* [L.]). *Beitr. Fortpfl.-Biol. Vögel* 14(6): 201-206. [Þýdd á íslensku í Náttúrufræðingnum (1946) 16(1): 77-82].
- Vaurie, C. 1957. On the validity of *Acanthis flammea islandica* Hantzsch. *Dansk Orn. Foren. Tidsskr.* 51(1): 9-11.
- Vedráttn 1986, 1987, 1988 & 1989. Veðurstofa Íslands.
- Vikurbláðið 14. sept. 1989.
- Williamson, K. 1961. The taxonomy of the Redpolls. *Br. Birds* 54(6): 238-241.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 11. 42 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 18. 38 bls.
- Ævar Petersen & Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 23. 43 bls.
- Ævar Petersen & Sverrir Thorstensen 1991. Húngaflgnabúð hreiðrum spörfugla. *Bliki* 10: 1-10.

SUMMARY

The breeding biology of Redpolls *Carduelis flammea* in N Iceland.

Redpolls *Carduelis flammea* were studied in N Iceland during summers 1979 to 1990 (inclusive). The principal study area was in a plantation at Viðifell, Fnjóskadalur valley (Fig. 1), but supplementary observations or ringing were carried out at 22 other locations (Fig. 2). Emphasis was placed on breeding biology observations, such as the choice of nesting place, timing of laying, estimating population size, and breeding success, and on ringing as many birds as possible. The results from different years are compared. Most of the study areas contain planted conifers, including the main study area, where planting started in 1943. Redpolls were first recorded nesting there sometime between 1953-57, but they have nested regularly there since about 1960.

The Redpoll is the only bird species breeding in Iceland which is restricted to trees for their nesting. Most of the nests on the main study area were found in spruce, while the choice of nest trees were different at other localities, reflecting the different composition of potential nest-sites for the birds. The tree species appeared to be chosen as nest sites relative to their availability. Two main factors probably govern the choice of nest-site, i.e. the tree species available and their strength, other ecological factors being equal. Height and strength are highly correlated, and this is probably why the height above ground at which Redpolls place their nest differs between tree species (Tab. 2). The attraction of different trees may change from early spring to summer, as shown by the decline in the use of evergreen conifers from first brood (72% of nests, $n=32$) to the second (50%, $n=14$). The corresponding increase was primarily in the use of larch (9% to 43%), which changed from defoliated to fully leafed between broods. Cover is probably important as an anti-predator strategy.

The beginning of egg-laying is shown for three years in Fig. 4. This timing appeared to be correlated to temperature (Fig. 5), although that can only be a proximal factor, probably affecting food availability. Double-brooding appears to be the normal breeding strategy, but one year (1987) only one nesting period was observed.

The average number of eggs in all nests 1986-88 was 5.0, and the average breeding success was 88% (no. of chicks leaving nest of eggs laid). The breeding success was higher in second broods, although the differences between broods were not statistically significant neither in 1986 and 1988, probably due to small sample sizes (Tab. 5). Breeding success appeared to be negatively correlated with population size.

The size of the breeding population was highly variable, ranging between 1 pair and 17 pairs, as shown in Tab. 3. The highest number corresponded to a breeding density of 680 pairs/km², which is the highest recorded in Iceland so far (cf. Bengtson 1970, Ólafur K. Nielsen 1980, Jóhann Ó. Hilmarsson 1992). By spring 1989 a very obvious crash had taken place in the

breeding population, not only at the Viðifell study area (Tab. 3) also at other localities (Tab. 4). The decline apparently took place in the latter part of winter 1988-89, possibly as a result of unusual weather conditions rather than food shortage *per se*, but weather may also have made food unavailable to the birds. The winter food of Redpolls is primarily birch seeds, and seed production varies considerably from year to year, but did not appear to be particularly low in autumn 1988. The size of the breeding population the year before was average or higher, and breeding success was on the high side. The crash was therefore not the result of a particularly small population after the breeding season 1988.

Despite the ringing of some 1000 Redpolls during 1979-90 (Tab. 6) recoveries have been only 9 (0.9%), of which 7 were found at the place of ringing. The furthest recovery relates to a bird found in a Gyrfalcon *Falco rusticolus* pellet a year and a half later, 12 km from the place of ringing.

Many questions remain unanswered on the life history of the Iceland Redpoll. The food needs to be studied in detail, not the least compared to food availability in spring, and that of young and adults during the breeding season. Possible displacement of breeders from one area to another between first and second brood may be a reason for changes in the number of breeding pairs, besides some pairs may not be double-brooded. The reasons which inhibit double-broodedness could be an interesting research problem. Last but not least the annual survival of the birds needs to be looked at with a concentrated ringing effort.

Sverrir Thorstensen, Lönguhlíð 9a, 603 Akureyri.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

VIÐAUKI—APPENDIX.

Um sagnir fuglaathugunararmanna um auðnutittlinga seinni hluta árs 1988 og árið 1989. — *The comments of bird observers on the numbers of Redpolls in the latter part of 1988 and 1989 in different parts of Ice and.*

Benedikt Þorsteinsson, bréf dags. 20. júní 1989:

Lón, A-Skaftafellssýslu: „... á undanftinum árum hefir verið mikið af auðnutittlingum í skógum í Laxárdal og Stafafellsfjöllum í Lóni en nú sjást þeir ekki þar“.

Björn Hjaltason, varpfluglakannarir í júní 1989:

Saurbær á Kjálarnesi - Vindáshlíð, Kjósarsýsla: „Ekki varð vart við varp 1989“ (reitur 3657). „Allmikil leit var gerð að auðnutittlingsvarpi en án árangurs. Í fullorðinn f. gl. sást 1. júlí“ (reitur 3757). „Gekk um skógrækt í Vindáshlíð, engir auðnutittlingar sáust“.

Brynjúlfur B. Þynjólfsen, bréf dags. 8. maí 1992:

Húsavík: „Haustið 1988 voru auðnutittlingar í eðlilegu magni á Húsavík. Í mars og apríl byrjar þeim venjulega að fjölga en það gerðist ekki vorið 1989. Mjög fáir f. glar sáust í maí og allt sumarið. Ég frétti einungis af þremur hreiðrum og fann einn unga. Sumarið 1988 og árin á undan var áætlað að um 20 þör hefðu verpt í bænum“. [Þetta er svipað hlutfall og í V. öifelli sömu ár, sbr. 3. töflu].

Austurland: „Sumarið 1989 fór ég v.ða um Austurland og fann einungis tvo auðnutittlinga á Seyðisfirði, þó var lítið skoðað á Egilsstöðum og í Hallormsstaðaskógi“.

Jóhann Ö. Hilmarsson, munnl. uppl.:

Reykjavík: „Áberandi minna um auðnutittlinga 1989 en 1988 [í skógrækt og Fossvogskirkjugarði]“.

Magnús Guðmundsson, símt. 4. september 1989:

Neskaupstaður: „Lítið borið á þeim [auðnutittlingum] í sumar. Reyndu hreiðurgerð garðinum en ekkert varð frekar úr“.

Sigurður Gunnarsson, V. kurlaðið 14. september 1989:

Húsavík: „Ég veit ekki til þess að varp hafi átt sér stað í bænum nú sumar og aðeins einu sinni hef ég heyrt auðnutittling syngja“.

Ern Óskarsson, munnl. uppl. og vetrarfuglatalning 30. desember 1989:

Selfoss og Grímsnes, Árntssýsla: „Ekkert sumar 1989 miðað við 1988“. „Engir auðnutittlingar sáust nú [á Selfossi], en þeir hafa komið fram í flestum talningum“.

Gunnlaugur Pétursson

Kampasöngvari finnst á Íslandi

Þann 26. maí 1992 náðist fugl á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem reyndist vera kampasöngvari *Sylvia cantillans*. Fuglinn var fullorðinn karlfugl og er þetta í fyrsta sinn sem þessi tegund sést hér á landi.

Varpheimkynni kampasöngvara eru kringum vestanvert Miðjarðarhafið. Hann er farfugl sem fer til vetrarstöðva í miðhluta Norður-Afríku. Tegundin skiptist í þrjár undirtegundir, *cantillans*, *inornata* og *albistriata*, og teljast varpfuglar í SV-Evrópu til þeirrar fyrstnefndu (Cramp 1992). Á svipuðum slóðum verpa nokkrar fleiri tegundir skyldra söngvara, s.s. glámsöngvari *S. conspicillata*, busksöngvari *S. undata*, hjálmsöngvari *S. melanocephala* og óðsöngvari *S. hortensis*, en þessar tegundir eru þó miklu sjaldséðari flækingar í Norður- og Vestur-Evrópu en kampasöngvari, enda ekki eins miklir farfuglar.

Kampasöngvarar eru fremur sjaldséðir flækingar norðan varpheimkynnanna. Á

Bretlandseyjum höfðu þó sést 287 fuglar til og með 1992 (Rogers o.fl. 1993). Til og með 1990 höfðu sést 17 í Danmörku, 19 í Noregi, 18 í Svíþjóð, 11 í Finnlandi, 17 í Hollandi og um 30 í Þýskalandi (ýmsar heimildir). Auk þess hafa þeir sést í Póllandi, Austurríki og Sviss (Cramp 1992). Um 10-15 fuglar sjást yfirleitt árlega á Bretlandseyjum. Þar hafa kampasöngvarar sést öllum mánuðum frá byrjun apríl fram í miðjan nóvember. Þrír af hverjum fjórum sjást þó á vorin, frá byrjun apríl til júníloka, en eru langalgengastir maí. Nokkurrar aukningar hefur gætt á síðustu árum að vorlagi á Bretlandseyjum, m.a. sáust þar 32 fuglar vorið 1988. Um fjórðungar vorfuglanna hefur sést á Hjaltlandseyjum (Dymond, Fraser og Gantlett 1989), en það er sérkennilega hátt hlutfall þegar um suðræna flækinga er að ræða.

Talsvert bar á kampasöngvurum á Bretlandseyjum í maí 1992 og óvenjumargir hjálmsöngvarar sáust í lok mánaðarins.



1. mynd. Kampasöngvari *Sylvia cantillans*. Að ofan eru fuglar á fyrsta vetri, kvenfugl til vinstri og karlfugl til hægri. Að neðan eru fullorðnir fuglar, karlfugl til hægri og kvenfugl til vinstri. – Subalpine Warbler *Sylvia cantillans*. Upper left: first winter female; upper right: first winter male; lower left: adult male; lower right: adult female. Teikning - Drawing. Jón B. Hliðberg.

Glámsöngvari sást þar e.t.v. í fyrsta sinn í lok maí (Thomas 1992) og í byrjun júní sást eysöngvari *S. sarda* þar í annað sinn, jafnvel talinn hafa komið um 24. maí með öðrum farfuglum frá Miðjarðarhafslöndum (Rogers o.fl. 1993). Hingað til lands bárust á sama tíma og kampasöngvarinn óvenjumargir múrsvölungar *Apus apus* og bæjasvölur *Delichon urbica*. Samkvæmt þessu voru ágæt skilyrði í lok maí 1992 fyrir hrakningum fugla frá SV-Evrópu alla leið til Íslands.

Sá sem fann fuglinn var Jón Ólafur Vigfússon. Ingi Sigurjónsson á þakkir skyldar fyrir að koma upplýsingum um fuglinn á framfæri.

HEIMILDIR

- Cramp, S. 1992. The Birds of the Western Palearctic. Vol. VI. Oxford University Press, Oxford.
Dymond, J.N., P.A. Fraser & S.J.M. Gantlett 1989. Rare Birds of Britain and Ireland. Poyser, Calton.

Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1993. Report on rare birds in Great Britain in 1992. Brit. Birds 86: 447-540.

Thomas, C. 1992. The Spectacled Warbler in Yorkshire - a new British bird. Birding World 5: 181-182.

SUMMARY

Subalpine Warbler *Sylvia cantillans* recorded in Iceland

The first Subalpine Warbler *Sylvia cantillans* was recorded for Iceland, when an adult male was collected on 26 May 1992 on the island Heimaey (Westman Islands) off the south coast. It is at present in a private collection. This record is discussed in relation with other N-European records of this species, and records of Sardinian Warblers *S. melanocephala*, the second record of Marmora's Warbler *S. sarda*, and possible first record of Spectacled Warbler *S. conspicillata* in Britain in late May and early June 1992 (Rogers et al. 1993).

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.

Klettasvala á Íslandi

Þann 12. október 1992 kom að Kvískerjum í Örfæum fugl, sem ég taldi vera af svöluættinni (*Hirundinidae*). Hann gat ekki verið af neinni af þeim svölutegundum sem eru í Evrópu, því stélið var þverstíft og gumpur áberandi ljósryðrauður, og var litur hans sérstaklega áberandi þegar svalan flaug frá manni. Ég taldi því líklegt að fuglinn væri kominn frá Ameríku.

Svalan flaug fram og aftur yfir túninu, nærri jörð og virtist vera að leita að flugum, enda var mjög gott veður þennan dag. Til að sýna fram á hvaða tegund væri hér á ferðinni, varð ég að ná í hana, en óvíst var hvað hún myndi stansa lengi hér við bæinn. Við nánari skoðun kom í ljós að þetta var klettasvala *Hirundo pyrrhonota* (1. mynd). Er fuglinn varðveittur

sem hamur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 10824). Þar var fuglinn krufinn og kom í ljós, að um ungan kvenfugl var að ræða. Maga hans fundust leifar af skordýrum sem svalan hafði verið að éta (greind af Erling Ólafssyni), aðallega mykjuflugur (*Scathophaga stercoraria*), en einnig einhver mýflugutegund (*Dia-mesa* sp.) og strandflugur (*Clinocera stagnalis*).

Stutt lýsing

Klettasvala er á stærð við landsvölu *Hirundo rustica* en styttri. Á höfði er hún dökkblá og oftast með ljósryðgult enni sem þó getur verið mismunandi að lit eftir deilitegundum. Höfuð- og hálshliðar eru rauðbrúnar, en háls að framan og niður á bringu er dökkur með bláleitum blæ. Hún



1. mynd. Klettasvala *Hirundo pyrrhonota*. Teikning - Drawing. Jón B. Hlíðberg.

er ljósleit að neðan nema undirstélpökur eru með svörtum dílum. Á baki er hún blá með fjórum til fimm ljósum langrákum. Gumpur er áberandi ljósryðrauður, vængir brúnir og einnig stél. Nefið er dökkt svo og fætur. Litir ungfugla eru daufari, sérstaklega á höfði.

Útbreiðsla og lífshættir

Klettasvölur eru útbreiddar um nær alla Norður-Ameríku nema nyrst. Þær eru þó ekki á Flórída né nálægum slóðum, en aftur á móti í Mexíkó. Þær hafa löngum verið algengastar í fjöllum í vesturhluta Norður-Ameríku. Á seinni árum hefur aukist mjög að þær hafa farið að verpa á ýmsum mannvirkjum, t.d. hlöðum, og velja þær ómálaðar hlöður umfram ný-tískulegar, málaðar hlöður og önnur hús. Á seinni árum hafa þær einnig notað stíflu- og brúarbyggingar í auknum mæli, og stofninn hefur stækkað.

Klettasvölur eru mjög félagslyndar og eru tíðast í hópum á varpstöðvunum. Að meðaltali eru nokkur hundruð hreiður í hverri byggð, en fjöldi hreiðra getur farið upp í tvö-þrjú þúsund. Fuglarnir eru einnig mjög félagslyndir utan varptíma, svo sem í vetrarheimkynnum sínum, sem eru í Brasilíu, Paraguay, Norður-og Mið-Argentinu og stundum í Chile og Panama.

Varptími klettasvölu er frá apríl og fram í ágúst í suðurhluta Norður-Ameríku, en norðar hefst varpið í maí. Foreldrarnir taka báðir þátt í hreiðurgerðinni, liggja á og fæða ungana til skiptis. Eggín eru 2-5, hvít með brúnum doppum. Þau ungast út á 12-14 dögum og eru ungarnir um það bil 24 daga í hreiðrinu. Eftir að þeir eru orðnir fleygir, fara þeir ásamt foreldrum sínum á nokkurs konar uppeldisstöðvar sem geta verið nokkra kílómetra burtu frá varpstöðvunum. Þar safnast ungarnir saman trjáum eða á vírum, en foreldrarnir halda áfram að fæða þá um tíma. Þekkja foreldrarnir sína unga af kalli þeirra á mat, en þeir eru aldir á ýmsum skordýrum.

Klettasvölur sjást stundum utan sinna eiginlegu heimkynna. Til dæmis sást ein á Wrangel-eyju við Sibiríu 5. júlí 1939 og önnur seint á áttunda áratugnum á St. Lawrence-eyju í Beringshafi milli Sibiríu og Alaska. Evrópu hafa klettasvölur sést tvisvar áður. Ungur fugl sást 10.-27. október 1983 á St. Agnes og St. Ma'y's eyjum í Scilly-eyjaklasanum við Suður-England. Annar ungur fugl sást í Yorkshire á Englandi 23. október 1988. Þá sást klettasvala (fullorðinn karlfugl) við Sukkertoppen á Grænlandi vorið 1936 og önnur 1. júlí 1984 (Boertmann 1994).

Stuðst var við grein Crosbys (1988), bók Turner & Rose (1989) um svölur og bók Alström o.fl. (1991) um flækingsfugla að öðru leyti en því sem sérstaklega er getið. Þar eð þessi svölutegund hefur ekki fengið íslenskt nafn kalla ég hana klettasvölu.

HEIMILDIR

- Alström, P., P. Colston & I. Lewington 1991. A Field Guide to the rare Birds of Britain and Europe. HarperCollins Publ., Great Britain. 448 bls.
Boertmann, D. 1994. An annotated checklist to the birds of Greenland. Medd. Grønland, Bioscience 38. 63 bls.
Crosby, M.J. 1988. Cliff Swallow: new to Britain and Ireland. Brit. Birds 81: 449-452.
Turner, A. & C. Rose 1989. A Handbook to the Swallows and Martins of the World. Christopher Helm, London. viii+258 bls.

SUMMARY

Cliff Swallow *Hirundo pyrrhonota*, a new species for Iceland

A new hirundine species for Iceland, the North-American Cliff Swallow *Hirundo pyrrhonota* (Fig. 1), was collected at Kvísker, Örfæfi, A-Skaft., on 12 October 1992. This bird, which was an immature female, is now preserved as a study skin at the Icelandic Museum of Natural History (cat. no. RM 10824). The following insect food was discovered in its stomach, *Scathophaga stercoraria* (mostly), *Diamesa* sp., and *Clinocera stagnalis*. This is the third record of the Cliff Swallow for Europe, where the species was first recorded in 1983 (Crosby 1988, Alström *et al.* 1991).

Hálfðán Björnsson, Kvískerjum, Örfæfum, 785
Fagurhólsmyri.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1992

Nú þegar þessi skýrsla um sjaldgæfa fugla á Íslandi 1992 birtist lesendum eru liðin tfu ár frá því að greinaröð um flækingsfugla á Íslandi var fylgt úr hlaði í Náttúrufræðingnum. Tilgangur þessara greina er að birta gögn um flækingsfugla sem sáust áður en árskýrslur um flækingsfugla fóru að birtast í Blika en það var árið 1981.

Þessi greinaröð fór hægt af stað því að fyrstu sjö árin voru aðeins fjórar greinar skrifaðar auk kynningargreinar. Á síðustu þremur árum hafa hins vegar fimm greinar viðbót birst á síðum Náttúrufræðingsins og þrjár í viðbót eru tilbúnar eða því sem næst, og auk þess eru nokkrar í undirbúningi. Þessum tólf greinum sem hafa þegar birst eða bíða birtingar er fjallað um 82 tegundir, en það er um þriðjungur þeirra um það bil 230 tegunda sem fjallað verður um. Það er því mikið eftir enn, en miðað við afköstin um þessar mundir ætti ekki að taka mörg ár í viðbót að ljúka verkinu. Gaman væri ef takast mætti að ljúka birtingu þessa greinaflokks fyrir lok aldarinnar.

Yfirlit

Þessari skýrslu er getið 105 tegunda sem sáust á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 1992 en það er með mesta móti því aðeins einu sinni hafa þær verið fleiri. Auk þess er getið kanadudru sem sást 1983, spóatítu 1984, hettuskrofa 1988 og 1989 og förufálka frá 1991.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefnd: Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Jóhann Óli Hilmarrson, Jón Baldur Hlíðberg, Kjartan Magnússon, Kristinn H. Skarphéðinsson og Ólafur K. Nielsen.

Sjaldgæfir varpfuglar. Brandönd varp í Borgarfirði og kom upp sex ungum. Þetta er í annað sinn sem brandönd finnst verpandi á Íslandi. Vepja varp í Eyjafirði fjórða árið í röð á sama stað. Eins og síðustu tvö ár var aðeins kvenfugl á ferðinni og voru egginn því ófrjó. Tvær efjutítur sáust á Tjörnesi um vorið og söng önnur þeirra. Hveragerði urpu bæjasvölur og komu upp ungum. Tvö svartþrastapör urpu Skógræktinni í Reykjavík og komu nítján ungum á legg. Þetta er afar góður varpárangur en of snemmt er að spá um hvort svartþröstur er kominn til að vera sem íslenskur varpfugl. Mývatnssveit gerðu dvergkrákur hreiður en urpu ekki. Á Hofi í Örafum urpu amk þrjú pör gráspörva og komust margir ungar upp. Í Neskaupstað urpu þrjú pör af fjallafinkum og komu upp ellefu ungum. Suðursveit fannst einnig fjallafinkuhreiður með eggjum en ekki er vitað frekar um árangur.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækningar. Þessari skýrslu er getið margra gráskrofa. Með hliðsjón af fyrri skýrslum er ljóst að gráskrofar fara um íslensk hafsvæði, aðallega seinni hluta sumars. Á árum áður var hettuskrofa jafnalgeng og gráskrofa en á síðustu tfu árum hefur hún aðeins sést tvisvar sinnum. Það bendir til þess að verulega hafi dregið úr ferðum hennar um íslensk hafsvæði. Gráhegrar voru með færra móti að þessu sinni. Övenjumikið sást af skutulöndum en æðarkóngar voru nær meðaltali. Hvinendur héldu sig á sömu slóðum og undanfarin ár. Lappajaðrakánar voru fáir eins og undanfarin ár en jöruspóum jölgaði. Bæði ískjóar og fjallkjóar voru fáir en þó er getið margra eldri athugana af báðum tegundum. Snæuglur voru álíka margar

og síðastliðin ár en jöldi þeirra hefur verið mjög stöðugur undanfarinn áratug. Mikið bar á mürsvölungum, landsvölum og bæjasvölum, aðallega í lok maí og leiddi það til varps hjá bæjasvölu eins og áður er getið. Nokkrar silkitoppur sáust, aðallega framan af árinu og hafa þær sennilega komið haustið áður en þá sáust þær víða eins og fram kemur í skýrslu fyrir 1991. Allnokkuð sást af svartþröstum og gráþröstum en þó minna en flest undanfarin ár. Talsvert bar á dvergkrákum og bláhröfnum, aðallega framan af árinu og hafa það eflaust verið fuglar sem komu haustið áður en þá sást meira af báðum þessum tegundum en dæmi eru um áður. Fjallafinkur komu um vorið og urpu eins og áður er getið og einnig voru þær með mesta móti um haustið. Sporttittlingar sáust um vorið á Vesturlandi og um haustið á Suðvesturlandi, sennilega á farleið milli Grænlands og Evrópu.

Undirtegundir. Fjórar austrænar margæsir sáust á árinu en það er jafnmikið og sést hafði af þeim til þessa árs. Einnig sást ein vestræn margæs en sú undirtegund hafði aðeins sést hér einu sinni áður. Ein amerísk urtönd sást á árinu. Fjórir grænlenkskir fálkar sáust en það er óvenjumið.

Nýjar tegundir. Eftir tvö ár án nýrra tegunda sáust tvær nýjar tegundir 1992. Í lok maí fannst kampasöngvari á Heimaey en þessi tegund er ættuð frá Miðjarðarhafslöndum. Á sama tíma sást einnig óvenju mikið af þessari tegund á Bretlandseyjum (Gunnlaugur Pétursson 1994). Í október fannst klettasvala sem er komin frá Ameríku. Þessi tegund hefur aðeins sést tvisvar áður í Evrópu og því var hún nokkuð óvænt (Hálfðán Björnsson 1994).

Sjaldgæfir flækingfuglar. Af mjög sjaldgæfum flækingum sáust fimm tegundir sem hafa aðeins sést einu sinni áður en það eru svartsvanur, hjálmönd (fugl sem hefur haldið sig hér síðan 1988), freyshani, sléttumáfur og spésöngvari. Toppgoði hafði sést tvisvar áður og einnig er getið kanaduðru frá 1983 en aðeins

tvær aðrar hafa sést hér. Af fimm tegundum höfðu áður sést þrír fuglar en það eru taumgæs, býþjór, kvöldfálki, skarlatstáni og dvergittlingur. Áður mjög sjaldgæfar tegundir sem sáust voru trjámafur, gauktíta, bláb ystingur, dulþröstur, seljusöngvari, sefsöngvari og dultittlingur. Sjaldgæfir flækingar sem sáust voru blikönd, lyngstelkur, sönglævirki, bakkasvala, gulerla og runntítla.

Annáll ársins

Fyrstu þrír mánuðir ársins voru tíðindalítlir og ekki var um að ræða neinar jöldakomur fugla til landsins og sennilega höfðu flestir flækingar sem sáust á þeim tíma borist hingað um haustið. Nokkuð bar t.d. á bláhröfnum og dvergkrákum sem komu í nóvember og þraukðu veturinn allt til vors. Nokkrar silkitoppur sáust í Reykjavík í janúar, án efa einnig frá haustinu, en árið 1991 sáust fleiri silkitoppur á landinu en sést höfðu í langan tíma. Af öðrum vetrargestum mætti nefna glóbrýsting í Hrórastungu í janúar, dvergsnípu í Suðursveit í febrúar og aðra í Reykjavík í mars, eyruglu í Örfum í febrúar og blesænu í Fellum í mars. Þá ber að nefna brandönd í Hornafirði og fullorðinn dvergmáf á Húsavík í febrúar, en óvenjulegt er að sjá þá tegund um hávetur.

Apríl er mánuður breytinga, en um og upp úr miðjum mánuðinum er farflug á norðurslóðum að komast í fullan gang. Þann 18. apríl fór lægð upp á milli Íslands og Færeyja og dagana 20.-24. apríl var oftast hæg suðaustlæg vindátt. Um þær mundir fór að bera nokkuð á flækingfuglum. Mürsvölungar, landsvölur og bæjasvölur sáust þá í nokkrum mæli einkum á suðaustanverðu landinu. Af öðrum athyglisverðum fuglum má nefna brandönd, rósamáf, mánaþresti, glób ystinga, runntítlu og fjallafinkur. Í fyrrihluta apríl sást hins vegar sefhæna í Hafnarfirði, tvær akurgæsir á Álftanesi og vepja í Öndarfirði. Þá ber að nefna svartsvan og taumgæs sem sáust í Hornafirði, fram-

andlegar tegundir í íslensku umhverfi, en þar er væntanlega um að ræða fugla sem eiga uppruna að rekja til andagarða í Evrópu. Svartsvanurinn hélt sig með álftum í Nesjum um skeið, en sást síðan í Fellum 21. júní og í Skagafirði mánuði síðar.

Í maí var öllu meira um að vera, en þá bárust til landsins mun leiри fuglar en venjulega þeim mánuði. Það verður þó engan veginn skýrt með hrakningum af völdum illrar veðráttu. Þann 30. apríl var 985 mb lægð við suðurströndina og skil lágu frá Írlandi til Íslands. Aðgerðaltil 985 mb lægð var suðsuð austur af landinu 15. ma og þann 18. var 1030 mb hæð yfir Norðursjó sem olli sunnanátt úti yfir Atlantshafi. Aðra daga blésu vindar af óhagstæðari áttum.

Ekki er viðlit að gera grein fyrir öllum þeim fuglum sem sáust og verður þv fyrst og fremst getið um þá athyglisverðustu. Þó ber að geta þess að mikið sást af landsvölum og bæjasvölum og einnig tvær bakkasvölur sem eru öllu sjaldséðari. Af öðrum spörfuglum bar annars mest á fjallafirðum sem sáust nokkuð víða. Markverðastur fugla þetta vorið var án efa kampasöngvari í Vestmannaeyjum enda hafði sú tegund ekki áður fundist hérlandis. Aðrir spörfuglar voru gulerla, grágrípur, mánaþröstur, syngjandi gransöngvari og tvær grákrákur. Af andfuglum ber helst að geta um dvergsvan, margæsir af undirtegundunum *bernicla* og *nigricans*, alls átta brandendur (m.a. tvö pör), þrjár hrókendur, tvær taumendur, ljóshöfðaönd, tvær hringendur, krákönd og hjálmönd. Grátrana sást í Hornafirði og dvaldi þar til hausts og bleshána í Landbroti. Af vaðfuglum sáust rákatíta, lyngstelkur, skógarsnípa, rúkiagi, tvær efjutítur á hefðbundnum stað á Tjörnesi og nokkrar vepjur, m.a. ein stök sem verpti í Eyjafirði. Övenju lítið sást af máfum. Fyrir utan smáfa á Dohrnbanka sást aðeins rósamáfur sem hélt sig um hrið í hettumáfsvarpi við Stokkseyri.

Fuglalíf hélst áfram mjög fjölskrúðugt

allt sumarið. Það voru ekki síst spörfuglar sem settu svip á júní. Mesta athygli vöktu fjórir seljusöngvarar sem allir sáust á sama stað í Suðursveit dagana 11.-20. júní. Þetta er torgreind og felugjörn tegund og er því ekki ólíklegt að allnokkur fjöldi hafi borist til landsins. Þess má geta að tegundin kom einnig til Bretlandseyja á sama tíma í meiri mæli en vant er. Kvöldfálkar bárust einnig á þessum tíma til Bretlandseyja óvenjumiklum fjölda. Einn sást þá við Hvalnes í Lóni. Við athugun veðurkorta sást engin augljós skýring á komu þessara óvenjulegu fugla hingað. Einnig sáust spésöngvari, garðsöngvari, hettusöngvari, laufsöngvari og barnfinka. Dvergmáfur er önnur tegund sem vart varð í nokkrum mæli í júní, en alls sáust fimm fuglar. Blikandarsteggur mætti enn æðarvarp í Örlygshöfn og var hann paraður æðarkollu á hreiðri. Annar var í æðarvarpi á Skaga. Bæjasvölur urpu. Hveragerði og komu upp ungum. Af öðrum fuglum má nefna brúnönd, korpönd og krákönd, skógarsnípu, rósamáf, kolþernu og hringdúfu.

Í júlí og ágúst sást nokkuð af hefðbundnum sumargestum eins og ljóshöfðaöndum og skutulöndum á Mývatni og 10 fjöruspóar voru mættir á vetrarstöðvar sínar í Hornafirði 20. júlí. Af merkari tegundum má nefna toppgoða sem er einkar fáséður, hrókendur, turnfálka og turtildúfu. Þann 11. ágúst náðust þrír laufsöngvarar í net á Kvískerjum í Örfæfum og var þeim sleppt aftur eftir að hafa verið merktir og skoðaðir. Allt benti til að um ungfugla væri að ræða og má líklegt telja að þeir hafi komist upp úr varpi þar á staðnum. Hins vegar sást á Húsavík laufeða gransöngvari í lok ágúst sem má álíta að hafi verið fyrsti söngvari haustsins, fjölmargir aðrir áttu eftir að skjóta upp kollinum áður en haustið var liðið.

Nokkuð var um lægðir framan af hausti sem án efa stuðluðu að komu fugla til landsins. Strax 31. ágúst var 975 mb lægð yfir Skotlandi sem leiddi til austlægrar áttar milli Noregs og Íslands. Dag-

ana 6.-8. september var 995 mb og síðar 975 mb lægð sunnan við land. Skil færðust yfir Bretlandseyjar og Norðursjó. Með skilunum voru allt að 8 vindstig. Þann 12. september var 985 mb lægð suðvestur af Færeyjum og suðaustan 8 vindstig þar á eyjunum. Dagana 18.-19. september var 980 mb lægð suðvestan við landið og suðlægir vindar léku um Írland og allt til Íslands.

Lauf- eða gransöngvari sást í Jökulsárhlíð 2. september. Síðan sást hettusöngvari á Tjörnesi 10. september og upp frá því sáust söngvarar af ýmsum tegundum nær samfelld fram eftir haustinu. Í september sást mest af hettusöngvurum og laufsöngvurum, nokkuð af netlusöngvurum og einnig garðsöngvarar þó ekki fyrr en 25. september. Einnig sáust hauksöngvari, grænsöngvari og gransöngvari. Ýmsir aðrir áhugaverðir smáfuglar komu einnig í september, svo sem grágrípur, flekkugrípur, vallskvetta, glókollur, rósa-finka og dultittlingur. Gauktíta fannst í Grímsey, turnfálki kom á bát við Hvalbak og tvær turtildúfur sáust seint í mánuðinum. Vaðfuglar voru með færra móti, en þó sáust veimiltíta, vepja, rúkragi og síðast en ekki síst freyshani 20. september á Miðnesi, en hann hafði sést hér aðeins einu sinni áður. Þá sáust tveir fátíðir amerískir máfar, trjámafur á Seltjarnarnesi og sléttumáfur á Húsavík.

Mjög víðáttumikil 985 mb lægð var þann 29. september komin djúpt suður af landinu. Henni fylgdi mjög ákveðin SA-átt frá Bretlandi til Íslands og daginn eftir var hún enn á svipuðum slóðum og hæð yfir sunnanverðum Noregi, en við þær aðstæður er nokkuð gefið að fuglar lendi í vandræðum yfir Norðursjó, sem kom berlega í ljós að þessu sinni. Hægir suðaustlægir vindar ríktu áfram til 3. október. Um þessi mánaðamót kom umtalsverð smáfuglagengd til landsins. Langmestur var jöldinn á Suðausturlandi, en þar mátti fyrstu daga október finna flækjunga við nánast hvern bæ og gjarnan allmarga á hverjum stað. Söngvarar voru langmest

áberandi, hettusöngvarar, garðsöngvarar og gransöngvarar. Þá sást mun meira af netlusöngvurum en nokkuð annað ár a.m.k. síðasta áratuginn, einnig grænsöngvarar, hnoðrasöngvarar, hauksöngvari og sefsöngvari. Fjallafinkur voru einnig áberandi. Af sjaldgæfari smáfuglum sem sáust í upphafi október má nefna landsvölu, grágríp, flekkugrípa, glóbrystinga, blábrysting, söngþresti, glókoll, rósa-finkur, barrfinkur og dvergtittling. Minna bar á fuglum af öðrum ættbálkum. Þó sást býþjór, sefhæna, engirella og turtildúfa.


Hettusöngvarar, garðsöngvarar og gransöngvarar sáust áfram fram eftir október. Athygli vakti hettusöngvari sem náðist á Heimaey 29. október, en hann hafði verið merktur á Jótlandi tólf dögum áður.

Engin sláandi breyting varð á tegundasamsetningu fyrr en rétt í lok mánaðarins er gráþrestir og svartþrestir koma inn í myndina. Enda gaf ekki suðaustanátt nema örstutt 23. október, en þá lágu skil frá Bretlandi til Íslands, og önnur lægð fór fyrir sunnan land 27. október og yfir Skotland daginn eftir. Þá blésu stífir austanvindar frá Noregi til Íslands (t.d. 7 vindstig á Hjaltlandi).

Í október sáust tveir amerískir spörfuglar, þ.e. klettasvala sem fannst á Kvískerjum í Örafum 12. október og hafði aldrei sést hérlandis áður og dulþröstur á Miðnesi 24. október sem hins vegar sést hér af og til. Klettasvalan gæti hafa komið til landsins nokkrum dögum áður en hún sást, en dagana 8.-10. október var lægð við Nýfundnaland og hæð vestur af Bretlandseyjum. Á milli þeirra streymdi loftmassi frá Ameríku til Íslands.

Í nóvember voru svartþröstur og gráþröstur ríkjandi flækjunga sem oft áður. Stöku söngvarar sáust áfram og glóbystingar á nokkrum stöðum. Þrjár dvergkrákur voru á Höfn og skógarsnípur á tveimur stöðum. Af öðrum sjaldgæfum tegundum sáust aðeins stakir fuglar: brúnönd, sefhæna, grálóa, sönglævirkir, silki-

1. mynd. Fjöldi flækingsfugla sem fundust á hverjum degi árið 1992.
– Number of rare and vagrant birds recorded on each day in 1992.



toppa, grágripur og síðast en ekki síst skarlatstáni, amerískur spörfugl, sem náðist í Þorlákshöfn 9. nóvember. Hann var hafður í búi í Reykjavík þar til hann drapst í ágúst 1993.

Desember reyndist tíðindalítið til mánuður og var jafnvel óvenju litið um flækingsfugla. Þó má nefna dvergsnpu, turtildúfu, bláhrafn og bókfirku.

Ef dregin eru saman í stutt mál einkenni ársins ber helst að nefna eftirfarandi. Maí var einkar líflegur mánuður. Þá barst hingað kampasöngvari frá Suður-Evrópu. Á sama tíma sást nokkuð af þeim á Bretlandseyjum, eins og fyrr var getið. Í júní bárust hingað seljusöngvarar og kvöldfálki sem einnig tengjast komum fugla þeirra tegunda til Bretlandseyja í óvenju miklum mæli. Suðaustan vindar fleyttu hingað jölda smáfugla um mánaðamótin september/október, en meginuppistaðan voru söngvarar af ýmsum tegundum. Október barst klettasvala til landsins frá Ameríku í fyrsta sinn svo kunnugt sé.

1. mynd sýnir myndrænt atburði ársins 1992, þ.e. hve margir flækingsfuglar fundust á degi hverjum. Augljóslega má sjá hvernig lífnar yfir fuglalífínu upp úr miðjum apríl og hve líflegt er í maí. Sömu sögu er að segja um haustið. Um miðjan september fjölga flækingsfuglum verulega og toppurinn sem varð fyrstu daga október er augljós og eins má glögglega sjá þegar prestir fóru að berast hingað kringum

mánaðamótin október/nóvember. Þá má benda á háa súlu í lok ársins sem tengist árlegum fuglatalningardegi.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri at-hugun eru annað hvort finnendur eða hafa tilkynnt fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Við gerð súlurita og korta yfir fundartíma og fundarstaði nokkurra vetrargesta eru einnig notuð gögn úr síðustu flækingskýrslu. Mánaðanöfn eru skammstöfuð.

Táknið ☆ merkir að fugli hafi verið safnað eða hann fundist dauður, og ef hann er geymdur á Náttúrufræðistofnum Íslands er skráningarnúmers getið [RMxxxxx]. „fd“ merkir af fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður. Hvað máfa varðar merkir „á fyrsta sunni“ að viðkomandi fugl sé u.þ.b. ársgamall, og „á öðru sumri“ að hann sé u.þ.b. 2ja ára.

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er

sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1991. (3) Fjöldi fugla sem sást 1992. – Þessar tölur eru *lágmarks-fjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda.

Tegundaskrá 1992

Toppgoði *Podiceps cristatus* (2,0,1)

Evrópa og Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur sem hefur aðeins sést hér tvisvar áður.

Árn: Eyrarbakki, 8.-9. júlí (Árni W. Hjálmarsson ofl), 2. mynd.

Hettuskrofa *Puffinus gravis* (31,3,0)

S-Atlantshafi. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma en hefur sjaldan sést hér við land í seinni tíð.

1988:

Á sjó: 62°27'N, 12°25'V, 12. ágúst 1988 (Jens Lund Hansen, Thomas Larsen).

1989:

Á sjó: 62°01'N, 14°29'V, 10. ágúst 1989 (Jens Lund Hansen).

Gráskrofa *Puffinus griseus* (52,81,8)

Suðurlhvel. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og sést árlega hér við land.

A-Skaft: Stokksnes í Nesjum, tvær 25. sept (BB).

Á sjó: Um 15 sjóm SA af Ingólfshöfða, 30. júlí (BA).

Um hálfa sjóm undan Hvalnesi, 16. sept (BA).



2. mynd. Toppgoði *Podiceps cristatus*. Eyrarbakki, 8. júlí 1992. Ljós. Gunnlaugur Þráinsson

Um 20 sjóm S af Hvanney við Horrafjörð, 18. sept (BA).

Um 25 sjóm SA af Stokksnesi, 21. sept (BA).

Um 1 sjóm A af Stokksnesi, 5. okt (BA).

Um 20 sjóm SA af Ingólfshöfða, 11. okt (BA).

1987:

Á sjó: 62°45'N, 14°59'V, tvær 29. júlí 1987 (OCd).

62°50'N, 15°54'V, þrjár 29. júlí 1987 (OCd).

64°08'N, 22°33'V, 30. júlí 1987 (OCd).

64°08'N, 22°34'V, 3. ágúst 1987 (OCd).

63°33'N, 21°50'V, 3. ágúst 1987 (OCd).

63°20'N, 20°54'V, 3. ágúst 1987 (OCd).

62°46'N, 15°36'V, tvær 4. ágúst 1987 (OCd).

1989:

Á sjó: 61°19'N, 27°59'V, 29. júlí 1989 (OCd).

60°35'N, 14°59'V, 9. ágúst 1989 (OCd).

61°53'N, 16°02'V, tvær 10. ágúst 1989 (OCd).

61°57'N, 15°19'V, 10. ágúst 1989 (OCd).

62°01'N, 14°29'V, 10. ágúst 1989 (OCd).

62°06'N, 13°00'V, 12. ágúst 1989 (OCd).

62°54'N, 11°47'V, tvær 13. ágúst 1989 (OCd).

63°13'N, 12°15'V, 13. ágúst 1989 (OCd).

63°22'N, 12°31'V, 13. ágúst 1989 (OCd).

63°03'N, 24°05'V, tvær 14. ágúst 1989 (OCd).

63°36'N, 23°00'V, 14. ágúst 1989 (OCd).

Gráhegri *Ardea cinerea* (-,637,24)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Nokkrir tugir fugla sjást á hverju hausti og sumir fram eftir öllum vetri. Þeir sjást einnig að sumarlagi.

Árn: Selfoss, 13. okt, tveir 1. nóv (ÖÖ).

V-Barð: Patreksfjörður, 10. nóv (Atli Snæbjörnsson).

Borg: Galtarholt í Skilmannahr., 14. okt (Þorvaldur Björnsson).

Eyf: Akureyri, 9. nóv til 1. des fd (Þorsteinn Ingólfsson ofl).

Gull: Kópavogur, 19. des (JBH).

A-Húm: Fremstagil í Langadal, 12. okt (Jón Hannesson).

Strjúgsstaðir í Langadal, 22. okt (SG ofl), líklega sami fugl og við Fremstagil.

Blöndudalur, 18. nóv (Sigurður Ingvarsson), líklega enn sami fugl.

S-Múl: Egilsstaðir, 6. jan, 22. mars til 16. apríl (SB).

Eskifjörður, 27.-30. okt (PL), líklega sami og náðist undan Glettinganesi, sjá neðar.

Framnes í Berufirði, 4.-15. nóv, 30. des (Eyjólfur Guðjónsson).



3. mynd. Svartsvanur *Cygnus atratus* ásamt álftum *Cygnus cygnus*. Nesjar í A-Skaft., 2. maí 1992. Ljós. Brynjólfur Brynjólfsson.

Svartsvanur *Cygnus atratus* (0,1,1)

Ástralía og Nýja-Sjáland. – Fuglar hafa verið fluttir til Evrópu og Kanada, þar sem þeir ve þa í skrudgördum. Þeir hafa stundum sloppið úr haldi, og sást nú svartsvanur hér öðru sinni.

N-Múl: Hof í Fellum, 21. júní (Gunnar Björnsson), líklega sami fugl og í Nesjum.

A-Skaft: Miðsker og nágr. í Nesjum, um 7. apríl til 19. júní (Egill Jónasson ofl), 3. mynd.

Skag: Miklavatn og nágr. í Borgarsveit, um 20. júlí til amk 5. sept (Kristmundur Bjarnason ofl), líklega enn sami fugl og í Nesjum.

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii* (1,12,1)

Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). – *C.c. bewickii* er fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi, en þó nær árviss á síðari árum.

A-Skaft: Vik í Lóni, ungf 9.-15. maí (BA ofl).

Akurgæs *Anser fabalis* (5,40,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, tvær 12.-13. apríl (GP ofl), 4. og 5. mynd.

Taumgæs *Anser indicus* (3,0,1)

Mið-Asía. – Taumgæsir sem hingað koma eru nær örugglega ættaðar úr andagörðum V-Evrópu. Þrjár taumgæsir hafa sést áður.

A-Skaft: Miðsker í Nesjum, ungf 24. apríl, sást einnig 26. apríl við Lindarbakka í Nesjum (BA ofl).

Snjógæs *Anser caerulescens* (19,97,5)

N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería. – Lifir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.

N-Múl: Bakki á Langanessströnd, 23. apríl (Klara V. Sigurðardóttir).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tvær 25. apríl (BB).

Kálfafellsdalur í Suðursveit, 4. okt (Sigurbjörn Olsen).

Skag: Langhús í Fljótum, 29. apríl (Sigurbjörn Þorleifsson).

Rang: Kirkjulækjarkot í Fljótshlíð, 23. des (Hans Magnússon).

Rvik: Gufunes, 20. sept ☆ [RM10650] (Davíð Sveinbjörnsson), sennilega sami fugl og kom á skip og fylgdi því til Reykjavíkur, sjá neðar.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 29. maí (BA), tveir 11. okt (BB).

Dilksnes í Nesjum, 13. okt (BB).

Fagurhólmsmýri í Örfum, um 15. okt (Ari B. Sigurðsson).

Snæf: Jörfi í Kolbeinsstaðahr., 21. okt ☆ [RM10657] (PL).

Strand: Fagrabrekka í Hrútafirði, tveir 13. sept (Unnar Eliasson).

Melar í Hrútafirði, 16. sept (Haukur Brynjólfsson), örugglega annar fuglanna við Fögrubrekku.

Kaldbaksvík í Kaldrananeshr., 19. sept (Niels Indriðason).

N-Þing: Raufarhöfn, 27. sept (Þröstur Eysteinsson).

S-Þing: Húsavík, 28. sept (Sævar Harðarson).

sjó: 10-12 sjóm SV af Selvogi, 17. sept (Sigurður Petersen). Fylgdi skipinu til Reykjavíkur þar sem hann yfirgaf það 18. sept.

Um 40 sjóm undan Glettinganesi í N-Múl, 1. okt (Einar Kristjánsson). Síðar sleppt á Eskifirði.

Rósagarðinum undan SA-landi, sept eða okt ☆ (Ingólfur Guðmundsson).

Um 60 sjóm undan Reyðarfirði, 19. nóv (Anon). Merktur „114563“ og sleppt á Reyðarfirði 24. nóv.



4. mynd. Akurgæsir *Anser fabalis*. Bessastaðir á Álfanesi, 12. apríl 1992. Ljós. Gunnlaugur Pétursson.



5. mynd. Akurgæsir *Anser fabalis* (á flugi) ásamt grágæsum *Anser anser*. Bessastaðir á Álfanesi, 12. apríl 1992. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

Kynblendingur snjógæsar og blesgæsar

Anser caerulescens × *albifrons*

1988:

Mýr: Hvanneyri, tvær 29. sept 1988, ein 30. sept 1988, ein 9. okt 1988 (Ævar Rafnsson), örugglega sömu fi glar og saúst á sömu slóðum 6.-8. okt 1988, sjá skýrslu 1988.

Smíðjuhöll á Mýrum, 9. okt 1988 (Ævar Rafnsson), líklega annar fuglanna hér að ofan.

Kanadagæs *Branta canadensis* (22,47,2)

Norðurhluti N-Ameríku. – Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. Árviss hér á landi, og eiga í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

V-Barð: Örlygshöfn, 27. júlí (W. Woodtli-Lerch).

S-Múl: Innrikleif í Breiðdal, 12.-13. sept (BB, SSI).

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,4,4)

Túndrur Sibiríu. – Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. Hún er sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Bessastaðir á Álfanesi, 7. ma (Guðmundur V. Helgason), þrjár 14.-18. maí, tvær 19. maí (JÓH ofl).

Skag: Birkihlið í Staðarhr., 11. maí (JB, ÓE).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,1,1)

Túndrur A-Sibiríu, Alaska og V-Kanada. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Bessastaðir á Álfanesi, 16.-23. maí (GP ofl).

Brandönd *Tadorna tadorna* (26,21,10)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. – Fremur sjaldséð hér á landi, en óvenju margar hafa sést undanfarnir þrjú ár, sjá 6. mynd.

Borg: Hvanneyri í Andakíl, par 15.-19. maí (Baldur Grétarsson, Edda Þorvaldsdóttir).

Grjóteyri í Andakíl, par varp og kom upp sjö ungum, saúst 23. júlí til 30. ágúst, í lokin voru ungarnir þó aðeins sex. Líklega sama par og á Hvanneyri (Karl Westerman ofl).

Eyf: Siglu jörður, kvenf 18.-25. apríl (Örlygur Kristfinnsson).

Eyjarland í Kaupangssveit, par 9.-19. maí (Baldur Jónsson, GH, Sigurlaug Elmarsdóttir ofl).

Skipalón í Hörgárdal, karlf um 6.-22. júní (Snorri Pétursson).

Gull: Hlíðsnes á Álfanesi, kvenf 12. maí (Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen).

Mýr: Leirulækur á Mýrum, kvenf 5. ágúst ☆ [RM10660] (PL).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði og nágr., karlf 17. feb til 24. mars (BA), karlf og tveir kvenf um 19. maí til 2. júní, ein 3. júní, kvenf 19. júní (Brynja Hannesdóttir ofl).


Ljóshöfðaðönd *Anas americana* (28,45,2)

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. Sumir ljóshöfðasteggir, sem sjást hér, eru paraðir rauðhöfðakollum.

A-Skaft: Kálfafell í Suðursveit, karlf 16. maí ☆ [RM10827] (BA).

S-Þing: Mývatn, karlf sást á Ytriflóa 22. maí (ÆE), á Neslandavík 25. júní (GH, Rík-

**Brandönd *Tadorna tadorna*
1979-1992**



6. mynd. Fjöldi brandanda sem sáust á árunum 1979 til 1992. – *Number of Tadorna tadorna seen from 1979 to 1990.*

arður Ríkarðsson, SG) og 5. júlí (EÓÞ), við Stekkjarnes 7. júlí (EÓÞ) og við Reykjahlíð 18. júlí (BB, SSI).

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,34,1)
Norðurhluti N-Ameríku. – Ameríska undirtegund urtandarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.

Skag: Glaumbæjareyja í Seyluhr., karlf 16. maí (JB, ÓE).

Brúnönd *Anas rubripes* (4,17,2)
Norðausturhluti N-Ameríku. – Sjaldgæf í Evrópu. Fremur sjaldgæf hér á landi.

Gull: Sandgerði, karlf 28. nóv (EÓ).

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, karlf 17.-21. júní (GP ofl).

1990:

S-Þing: Hraun í Aðaldal, karlf 4. nóv 1990 (BB).

Taumönd *Anas querquedula* (9,18,2)
Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flækíngur.

S-Þing: Mývatn, karlf við Ytri-Neslönd 28. maí (GH, HE).

A-Skaft: Nesjaskóli Nesjum, karlf 21. maí (BA, BB, SSI).

Skeiðönd *Anas clypeata*
Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Sjaldgæfur varpfugl.

Árr: Kaldaðarnesengjar, par 29. maí (EÓÞ).
Borg við Eyrarbakka, par 31. maí (GP, JÓH ofl).

Eyf: Skipalón í Hörgárdal, karlf 28.-31. maí (Þórir Snorrason).

Akureyri, tveir karlf 4. júní (Ævar Petersen).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf 15.-17. okt (BA, BB).

Rvík: Sandskeið, karlf 30. maí (Haukur Jóhannesson).

N-Þing: Víkingavatn í Kelduhverfi, fjórar 1. sept, ein 12. sept (GH, HE).

S-Þing: Sandur í Aðaldal, par 2. maí (GH).

Sílalækur í Aðaldal, þrjú pör 21. maí (GH).

Mývatn, par við Kálfstjörn 10. maí (GH, Sigurlaug Elmarsdóttir), tvö pör og þrír karlf í Helgavogi og karlf við Grimsstaði 22. maí (ÆE), par við Kálfstjörn og par í Helgavogi 28. maí (GH, HE).

Skutulönd *Aythya ferina* (-,68,15)

Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

S-Múl: Innriklæif í Breiðdal, kvenf 15. maí (BB, SSI).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 14.-16. maí (BB, BÞ).

S-Þing: Mývatn, tveir karlf við Geitey og karlf á Álum 24. maí, par og karlf á Neslandavík 25. maí, karlf við Kálfaströnd 26. maí (ÆE), par og karlf við Stekkjarnes 28. maí (GH, HE), þrjú pör, fjórir karlf og þrír kvenf við Reykjahlíð 25. júní (GH, Ríkarður Ríkarðsson, SG), þrír karlf við Reykjahlíð 10. júlí (ÓKN), tveir karlf við Reykjahlíð 17. júlí (GH), fimm karlf við Reykjahlíð 18. júlí (BB, SSI), karlf við Hrótey 1. ágúst, karlf á Neslandavík 3. ágúst, tveir karlf og kvenf við Hrauney 4. ágúst (ÆE), þrír karlf við Reykjahlíð 8. ágúst (GH, HE), þrír karlf við Helgey 17. ágúst (ÓKN), par við Reykjahlíð 1. okt (GH).

Hringönd *Aythya collaris* (3,14,4)

N-Ameríka. – Fremur sjaldgæfur flækíngur hér á landi.

Eyf: Hrírar í Svarfaðardal, karlf 20. maí (AG).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, fullu karlf 19.-20. sept (ÓKN ofl).

Skag: Keldudalur í Heganesi, karlf 24. júlí (ÓE, Richard Hesketh).

S-Þing: Mývatn, karlf á Neslandavík 25. maí (ÆE).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis* (-,469,33)
Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

V-Barð: Otradalur í Suðurfjörðum, karlf um vorið (Anon).

Borg: Grundartangi Hvalfirði, karlf snemma í júní (Anon).



7. mynd. Æðarkóngur (kvenfugl) *Somateria spectabilis* með æðarfugli *Somateria mollissima*. Höfn í Hornafirði, 24. júní 1992. Ljós. Brynjúlfur Brynjólfsson.

Eyf: Grímsey, karlf í apríl, fd 14. apríl ☆ (Gunnar Ásgeirsson).

Siglufjörður, karlf í æðarvaði 30. maí til 18. júní, annar karlf 1.-2. júní (Örlygur Kristinnsson).

Gull: Garðskagi, fullu karlf 18. apríl (GÞ).

Amarnesvogur í Garðabæ, fullu karlf 26. apríl til umk. 11. júní (JBH, Sigurkarl Stefánsson ofl), fullu karlf 14. nóv (Arnar Helgason).

Reykjanesviti, fullu karlf 8. maí (Aðalsteinn Ö. Snæþórsson).

Garður, karlf 16. maí (Magnus Brandel).

Bessastaðir á Álftanesi, fullu karlf paraður æðarkollu sem lá á hreiðri 19. maí til 10. júní (Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen).

Hraun við Grindavík, fullu karlf 9. júlí (Thierry Fournet).

Keflavík, fullu kvenf 27. des (GÞ).

A-Hún: Blönduós, fullu karlf 22. feb (Kristinn Pálsson).

N-Ísf: Skutulsfjörður, fullu karlf 5. des 1991 til 29. jan, sjá hér að neðan (Sigurður Ægisson), 8.-31. júlí (Philippe Ricart)

Æðey, karlf um sumarið (Jónas Helgason).

S-Múl: Eskifjörður, fullu karlf og ungar karlf 31. jan, karlf 4. apríl, karlf 2. okt, karlf 10.-31. des (PL).

Þvottáskriður, karlf 15. júní (EÓ, GÞ, HB), kvenf 10. júlí (BB, SSI).

Rvk: Sundahöfn, tveir karlf 1. mars (JÓH).

Laugarnes, fullu kvenf 18. okt (GÞ).

Grafarvogur, fullu kvenf 1. nóv, líklega sami fugl og í Laugarnesi (GÞ).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu kvenf 21. feb (BA, BB), fullu kvenf 3. júní til 8. júlí (BB, SSI ofl), 7. mynd, fullu kvenf 15. nóv til 27. des (BB, SSI).

Skag: Lundey á Skagafirði, tveir karlf í maí (Páll Stefánsson).

N-Þing: Þórshöfn, ungar karlf og þrír kvenf 3. maí (PL).

S-Þing: Gvendarbás sunnan Húsavíkur, fullu karlf 12. mars (HE).

Húsavík, fullu karlf 22. nóv (SG).

1991:

N-Ísf: Skutulsfjörður, ungar karlf 17. okt 1991 til 8. nóv 1991, fullu karlf 5. des 1991 til 29. jan 1992 (Sigurður Ægisson).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóngs

Somateria mollissima × *spectabilis* (-,17,4)

N-Ísf: Æðey, karlf í æðarvaði um vorið (Jónas Helgason).

N-Múl: Seyðisfjörður, karlf 16. apríl (SG).

S-Múl: Eskifjörður, karlf 1. apríl (PL, SÞ).

S-Þing: Ærvík við Skjálfanda, karlf 11. apríl (GH).

Blikönd *Polysticta stelleri* (0,6,1)

NA-Sibería og Alaska. — Sjaldséð en árviss í Evrópu. Sjaldgæfur flækingur hér.

V-Barð: Hnjótur í Örlygshöfn, fullu karlf í æðarvaði 4.-5. júní (Erpur S. Hansen, K. istján Kristinnsson, ÖKN ofl), örugglega sami fugl og árið áður, sjá einnig skýrslu 1991.

A-Hún: Ásbúðarvatn á Skaga, fullu karlf í æð-

arvarpi 21. júní (EÓÞ), 8. mynd, sennilega sami fugl og við Selnes á Skaga fyrr um vorið, sjá hér að neðan.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf 19. sept 1991 til 8. jan (BÞ ofl), sjá einnig skýrslu 1991.

Skag: Selnes á Skaga, fullu karlf 23.-24. apríl (Ingólfur Sveinsson).

Krákönd *Melanitta perspicillata* (5,16,3)

Norðurhluti N-Ameríku. – Algengasta ameríska öndin í Evrópu en fremur sjaldgæf hér á landi.

S-Múl: Þvottáskriður, fullu karlf 15. júní (EÓ, GÞ, HB), tveir karlf 12. júlí (BA, HB).

S-Ping: Mývatn, karlf við Neslandavík 22.-26. maí (Erla B. Örnólfsdóttir, Jón S. Ólafsson ofl).

Korpönd *Melanitta fusca* (10,26,1)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Fremur sjaldsæð, en þó nær árviss flækingur.

S-Múl: Þvottáskriður, fullu karlf 15. júní til 12. júlí (EÓ, GÞ, HB ofl).

Hjálmönd *Bucephala albeola* (1,1,0)

Norðanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldsæð í Evrópu, sem og hér á landi. Talið er að um einn og sama fugl sé að ræða, sem sést hefur frá 1988.

S-Ping: Mývatn, karlf sást víða á vatninu og á kvíslum Laxár 25. maí til 24. sept (ÁE ofl).

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrargestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin.

Árn: Brúará við Spóastaði, tveir karlf og tveir kvenf 4. jan (Gunnar Tómasson, TGG).

Apavatn, átján fullu karlf við Apá 25. jan (Gunnar Tómasson, TGG).

Sogið, 29 fuglar 15. feb (AG, ÓKN ofl), 21 fullu karlf, fjórir fullu kvenf og sjö kvenf 29. des (AG, ÁE).

Selfoss, tveir fullu karlf 4. júní (ÖÓ).

Eyf: Hr'sar í Svarfaðardal, fullu karlf 20. maí (AG).

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnnesi, kvenf 25. júní (JÓH).

Grindavík, kvenf 17.-24. okt (EÓ, GP, GÞH, HG, Þröstur Erlingsson ofl).

Arnarnesvogur í Garðabæ, tveir karlf og



8. mynd. Blikönd *Polysticta stelleri*. Ásbúðarvatn á Skaga, 21. júní 1992. Ljós. Einar Ó. Þorleifsson.

kvenf 15. nóv, fullu karlf 27. des (Arnar Helgason).

Sandgerði, sautján, þ.a. sjö karlf 29. des (Þorsteinn Einarsson).

Rvík: Skerja jörður, 30 fuglar 4. jan (Aðalsteinn Ö. Snæþórsson, ÓKN), tíu snemma í mars (Kjartan Magnússon), tveir fullu karlf 21. mars (JÓH), 25 fuglar 12. des (GÞH, HG, ÓKN).

Ellidavatn, þrír (tveir fullu karlf og kvenf) 18. apríl (Arnar Helgason), 25 fuglar (sex fullu karlf, fimm ungir karlf og fjórtán kvenf) 19. apríl (GÞ), þrír fullu karlf 26. sept, tólf 11. okt, þrettán (fjórir fullu karlf og níu fullu kvenf) 1. nóv, sjö (fjórir karlf og þrír kvenf) 27. des (GÞ ofl).

Tjörnin, tvær 3. júní (JÓH), fullu karlf 23. júní til 8. júlí og tvær að auki 8. júlí (JÓH, ÓKN), þrír fullu karlf og tveir fullu kvenf 14.-20. sept, fullu karlf og kvenf 21. sept, fimm 29. sept (JÓH ofl), tveir fullu karlf og ungur karlf 1. okt (JÓH).

A-Skaft: Þveit í Nesjum, tveir karlf og þrír kvenf 27. jan, þrír karlf og kvenf 30. mars, fjórir karlf og þrír kvenf 31. mars, sjö karlf og fjórir kvenf 2. apríl, tveir karlf 8. apríl, tveir karlf og tveir kvenf 11. apríl, sex karlf og þrír kvenf 15. apríl, tveir karlf og tveir kvenf 17. apríl (BB, SSI), karlf 18. apríl og fimm karlf 29. apríl (BÞ, EP).

Þinganes í Nesjum, fimm fullu karlf 16. des (BB).

Vestm: Heimaey, karlf og tveir kvenf 25. jan til 14. mars (HBS).

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, fimm 26. jan (SG),

tveir karlf og jórir kvenf 15. mars, fullu karlf, ungur karlf og tveir kvenf 25. apríl (GH, HE), sjö karlf og kvenf 27.-28. des (SG ofl).

S-Þing: Mývatn, fullu karlf á Álfstavogi 9. maí (JB, ÖE), fullu karlf á Neslandavík og ungur karlf við Skútustaði 10. maí (GH, Sigurlaug Elmarsdóttir), tvær 19. maí (Ingemar Ahlén), fullu karlf við Helluvað 21. maí, fullu karlf við Hrutey 24. maí, fullu karlf á Neslandavík 25. maí, tveir ungir karlf við Kálfaströnd 26. maí, fullu karlf við Haganes 27. maí (ÆE), kvenf á Neslandavík 5. júlí, karlf á Laxárvíslum 7. júlí (EÖÞ), karlf á Álum 2.-3. ágúst og annar karlf að auki 3. ágúst, karlf á Laxárvíslum 5. ágúst (ÆE), tveir karlf á Breiðu 22. nóv (Aðalsteinn Ö. Snæþórsson).

Nes í Aðaldal, fimm pör 28. maí (Óttar Indriðason).

Hrókond *Oxyura jamaicensis* (2,34,3)

Vestanverð Norður- og Suður-Ameríka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á SV-Englandi. Nær árvið á síðustu árum hér á landi og talin koma frá Englandi.

Árn: Apavatn, tveir karlf og kvenf við Haga 18.-19. maí (TGG ofl).

Lambhúskotstjörn Biskupstungum, karlf 26. júlí (ÖKN), par 1. ágúst (Kjartan Magnússon, ÖKN), sennilega sömu og á Apavatni í maí.

Býþjór *Pernis apivorus* (1,2,1)

Evrópa til Mið-Asíu. – Mjög sjaldséður hér á landi.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 1. okt (BA).

Ógreindur heiðir *Circus* sp. (2,3,1)

N-Múl: Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð, 2.-11. sept (Halldór W. Stefánsson).

Turnfálki *Falco tinnunculus* (26,23,3)

Evrópa, Asía og Afríka. – Fremur sjaldgæfur flækingur, en sést þó á hverju ári.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf/ungf 25.-26. sept (BB ofl).

Á sjó: Fjórar sjóm S af Ingólfshöfða, kvenf kom á bát 25. ágúst, náð og merktur „516516“, sleppt í Vestmannaeyjum 31. ágúst (skv Sigurgeir Sigurðssyni).

Við Hvalbak, kvenf/ungf kom á bát um 24. sept og hafður í haldi á Höfn í Hornafirði (Þorbjörn Vignisson).

Kvöldfálki *Falco vespertinus* (0,3,1)

A- og SA-Evrópa, miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Allalgengur í N- og V-Evrópu, en er mjög sjaldséður hér á landi.

A-Skaft: Hvalnes í Lóni, fullu karlf 11. júní (GPB, HG ofl).

Fálki *Falco rusticolus* „*candicans*“ (-,27,4)

Grænland, Kanada og Alaska. – „Hvítfálkar“ sjást hér árlega.

Vestm: Heimaey, ungf náð 1. mars, merktur „17512“, sleppt 22. mars (Kristján Egilsson).

S-Þing: Sandhólar á Tjörnesi, 1. feb (Gunnlaugur Theódórsson).

Laxamýri í Reykjahverfi, um 20. feb (Vilhjálmur Jónasson).

Á sjó: 12 sjóm V af Látrabjargi (65°29'N, 24°57'V), náð 28. mars, merktur „17515“ og sleppt við Hagamel í Akranesi 31. mars (Jóhannes Hreggviðsson).

Förufálki *Falco peregrinus* (1,5,0)

Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Sjaldgæfur flækingur.

1991:

Árn: Stokkseyri, 28. des 1991 (Helgi Guðmundsson, JBH, Sigurkarl Stefánsson, Steinunn Harðardóttir).

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,58,3)

Evrópa og Asía. – Keldusvín eru sennilega hætt að verpa hér á landi. Sjást þó árlega, en það eru líklega flækingsfuglar.

Eyf: Grímsey, fd 28. nóv ☆ (Bjarni Gylfason, Svavar Gylfason).

Gull: Flankastaðir á Miðnesi, 8. okt (EÓ).

Rang: Berjanes undir Eyja jöllum, náð 8. des, merkt „622611“ og sleppt 11. des (Vigfís Andrússon).

Engirella *Crex crex* (19,8,1)

Evrópa til Mið-Asíu. – Fremur sjaldséður flækingur.

A-Skaft: Við Brókarjökul í Suðursveit, fd 4. okt ☆ (Sigurbergur Olsen).

Sefnaena *Gallinula chloropus* (42,19,3)

Evrópa, Asía og Ameríka. – Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Setberg í Hafnarfirði, 4.-24. apríl (Trausti Sigurðsson ofl).

A-Skaft: Borg á Mýrum, fullu 3. okt (BB, GH, GP, GB, JBH).

Höfn í Hornafirði, ungf 4. nóv (BB, BÞ).

Blesshæna *Fulica atra* (129,50,3)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Árviss og hefur orpið hér.

N-Múl: Fellabær, 25. mars, fd daginn eftir (SP).

V-Skaft: Hæðargarður í Landbroti, 29.-31. maí (Jóhann Brandsson).

N-Þing: Hl ðargerði í Kelduhverfi, fd 14. ágúst (ÓKN).

Grátrana *Grus grus* (5,16,1)

N-Evrópa og norðanverð As a. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði og nágr., 15. maí til 11. okt (Guðmundur Þorleifsson ofl).

Grálóa *Pluvialis squatarola* (16,54,1)

Nyrstu héruð Sibiríu og N-Ameríku. – Árviss að haust- og vetrarlagi, en sést einnig á sumrin. *Gull*: Sandgerði, 28. nóv (EÓ).

Vepja *Vanellus vanellus* (-,525,11)

Evrópa og N-Asía. – Árviss og hefur orpið hér.

Eyf: Klauf í Eyjafirði, kvenf frá um 10. maí. Varp ófrjóum eggjum og sást fram eftir sumri (Leifur Guðmundsson).

V-Ísf: Vífilsmýrar í Önundarfirði, um 7.-28. apríl (Einar Björnsson).

S-Múl: Núpur í Berufirði, fd 2. maí (skv Þráni Friðrikssyni).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 25.-26. apríl (BB ofl), 9. mynd.

Seljavellir Nesjum, tvær 25. apríl (BB, SSI).

Stafafell Lóni, 2. maí (Þráinn Friðriksson).

Vestm: Heimaey, 30. ágúst til 1. sept (Dávíð Friðgeirsson ofl), þrjár 5. okt (Sigurgeir Sigurðsson).

N-Þing: Ásmundarstaðaey á Melrakkaslétu, ungf 13. sept (GH, HE).

Veimiltíta *Calidris minuta* (2,11,1)

Nyrsti hluti Evrópu og Asíu. – Algeng um fartímann í Evrópu, en fremur sjaldgæf hér á landi.

N-Þing: Gagnisvík á Melrakkaslétu, 13. sept (GH, HE).

1990:

N-Þing: Harðbaksvík á Melrakkaslétu, þrjár 1. sept 1990 ☆ [RM10449] (BB, GH, HE). Í skýrslu 1990 var sagt að einn f. gl hefði sést.



9. mynd. Vepja *Vanellus vanellus*. Höfn í Hornafirði, 26. apríl 1992. Ljós. Brynjúlfur Brynjólfsson.

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,19,1)

Kanada, Alaska og NA-Sibiría. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu, en hér á landi sést vaðlatíta jafnoft. Rákatíta er orðin nær árviss.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 11. maí (BB).

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,25,0)

N-Sibiría. – Algeng um fartímann í V-Evrópu, en fremur sjaldgæf hér.

1984:

N-Þing: Hraunhafnartangi á Melrakkaslétu, 22. maí 1984 (Ingemar Ahlén).

Núpskatla á Melrakkaslétu, þrjár 22. maí 1984 (Ingemar Ahlén).

Efjutíta *Limicola falcinellus* (0,9,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Fer um Mið-Evrópu til vetrarstöðva í Afríku. Sjaldgæf V-Evrópu, og sjaldgæf hér á landi. Allar nema tvær hafa sést á Tjörnesi, en þar er e.t.v. um sömu fugla að ræða frá ári til árs.

S-Þing: Hóll á Tjörnesi, syngjandi 23.-30. maí (GH, HE ofl), önnur að auki sem söng ekki 30. maí (SG).

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,37,3)

N-Evrópa og Asía. – Árviss flækingur, sem sést bæði að vor- og haustlagi.

Gull: Njarðvík, karlf 24. maí (JB, ÓE).

Sandgerði, kvenf 17. okt (GP).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 14. sept (BB).



10. mynd. Kanaduðra *Limnodromus scolopaceus*. Hellnar á Snæfellsnesi, 30. júlí 1983. Ljós. Kevin Rogers.

Dvergsnípa *Limnocryptes minimus* (32,45,3)
N-Evrópa og Asía. – Nær árviss, einkum að vetrarlagi, en þó mun sjaldgæfari en skógar-snípa.

Gull: Lundur í Kópavogi, 3.-14. mars (GÞH ofl).

Rvík: Keldur, 27. des (Hannes Þ. Hafsteinson).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 11. feb (BA).

Kanaduðra *Limnodromus scolopaceus*
(0,3,0)

Túndur í A-Síbiríu, Alaska og V-Kanada. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

1983:

Snæf: Hellnar, 30. júlí 1983 (Árni W. Hjálmarsson, Kevin Rogers, Mike Rogers), 10. mynd.

Skógarasnípa *Scolopax rusticola* (119,173,7)
Evrópa og Asía. – Árviss flækingur, sem sést einkum að vetrarlagi.

Árn: Gjábakki í Þingvallasveit, 7.-25. júní (Halldór Þrastarson ofl).

Eyf: Siglu jörður, 29. nóv (Örlygur Kristfinnsson).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, nóv til des (Hrafn Úskarsson).

A-Skaft: Skaftafell í Öræfum, 24. maí (HB).

Höfn í Hornafirði, 18. okt (BÞ).

Horr í Nesjum, 10. nóv (BB).

S-Þing: Hólar í Laxárdal, fl. 12. ágúst, (ÓKN).

Lappajaðrakan *Limosa lapponica*

(105,133,7)

Skandinavía, Síbiría og Alaska. – Haust- og vetrargestur á SA- og SV-landi, en mun sjaldgæfari en fjöruspói.

Gull: Sandgerði, 20. sept (GÞ), 27. des (Þorsteinn Einarsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði og nágr., tveir 19. sept 1991 til 11. feb, síðan einn til 16. apríl (BB, SSI ofl), sjá einnig skýrslu 1991. Tveir frá 17. ágúst, þrír frá 24. ágúst, fimm 14. sept, sex 16. sept, síðan fjórir til 25. okt og tveir til amk 27. des (BÞ, BB, EP, SSI).

Fjöruspói *Numenius arquata* (-,814,65)

Evrópa og Asía. – Vetrargestur, einkum á SA- og SV-landi, og hefur orpið hér.

Árn: Skeiðhólt á Skeiðum, 29. apríl (JB, ÓE, Peter Burns).

Skerflóð við Stokkseyri, tveir 21. maí (Ásta Þorleifsdóttir, EÓÞ).

A-Barð: Hvallátur á Breiðafirði, tveir 5. sept (Þorvaldur Björnsson ofl).

V-Barð: Bjartangar, tveir 1. júní (AG, ÓKN ofl).

Dal: Kókasker við Skarðsströnd, tveir 10. okt (PL ofl).

Gull: Arfadalsvík við Grindavík, þrír 4. jan (Kjartan Magnússon), einn 20. sept (GÞH, GP, GÞ, HG).

Hafnir, 8. feb (AG, ÓKN).

Njarðvík, 8. feb (AG, ÓKN ofl).

Rosmhvalanes, n u 8. feb, sex 4. apríl, fimm 16. ágúst, tveir 30. ágúst, þrettán 20. sept, sex 27. sept, þrettán 3. okt, tíu 24. okt, níu 28. nóv, sextán 27. des (ýmsir).

Hausastaðir á Álftanesi, 15.-19. maí (Sverrir Thorstensen, Ævar Petersen).

Hafnar jörður, 27. des við Hvaleyrarlón (Sigurður Helgason).

S-Múl: Hamarsjörður, amk fimmtán í des (Ingimar Sveinsson).

Rang: Glæsistaðir í V-Landeyjum, 22. apríl (EÓÞ, ÓE).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði og nágr., (framhald frá 1991) 25 fuglar fram til 22. feb, 24 fuglar til 20. mars, 20 fuglar til 1. apríl, fjórtán til 6. apríl, tólf til 9. apríl, átta til 13. apríl, tveir til 5. maí (BÞ, EP ofl), fimm 17. júlí, sex 19. júlí, t u 20. júlí, sautján 4. ágúst, nítján 11. ágúst, 24 fuglar 17. ágúst, 25 fuglar 25. sept, síðan 24 fuglar til 22. okt, nítján til 25. des og sautján

11. mynd. Freyshani *Phalaropus tricolor*. Fuglavík á Miðnesi, 20. september 1992. Ljós. Gunnlaugur Pétursson.



27. des (BB, BP, EP ofl).
N-Þing: Skjálftavatn í Kelduhverfi, tveir 25. apríl (GH, HE).

Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu, 2. júní (Vilhjálmur Jónasson).

Kópasker, 2. júní (Vilhjálmur Jónasson).

Gunnarsstaðir í Þistilfirði, 8. sept (GG).

S-Þing: Bakkahöfði á Tjörnesi, 31. ágúst (HE).

1991:

N-Þing: Austanverð Melrakkaslétta, 3.-7. maí 1991 (Vigfús Guðmundsson), sennilega annar varpfuglanna við Höskuldarnes, sjá skýrslu 1991.

Lyngstelkur *Tringa nebularia* (2,5,1)

Skotland, Skandinavía og N-Asía austur að Kyrrahafi. – Sjaldgæfur flækingur.

S-Múl: Staarnýri Álftafirði, 15. maí (BB, SSI).

Freyshani *Phalaropus tricolor* (0,1,1)

N-Ameríka. – Sést árlega á Bretlandseyjum en hér á landi hefur hann aðeins sést einu sinni áður.

Gull: Fuglavík á Miðnesi, ungf 20. sept (GPB, GP, GB, HG), 11. mynd.

Ískjói *Stercorarius pomarinus* (146,375,19)

Íshafslönd N-Ameríku og Síbiríu, einnig Grænland. – Einhver hluti stofnsins fer hér um vor og haust.

A-Skaft: Stokksnes Nesjum, sex fullu 25. sept (BB).

Á sjó: Dohrnbanki, 27. apríl (HE).

Strandagrunn, 3. ágúst (HE).

Við Kolbeinsey, 17. ágúst (HE).

Um hálfu sjóm undan Hvalnesi, þrír 16. sept (BA).

Um 15 sjóm A af Ingólfshöfða, tveir 28. sept (BA).

Um 1 sjóm V af Lundey á Skjálfanda, fullu 8. okt (SG, Heimir Bessason).

Um 1,5 sjóm SV af Lundey á Skjálfanda, fullu 10. okt (SG, Heimir Bessason).

Um 20 sjóm SA af Ingólfshöfða, tveir fullu 11. okt (BA).

Á Öxarfirði, 11. okt (Auðunn Benediktsson).

1987:

Á sjó: 62°41'N, 14°00'V, 29. júlí 1987 (OCd).

63°56'N, 22°51'V, 3. ágúst 1987 (OCd).

62°41'N, 14°35'V, þrír 4. ágúst 1987 (OCd).

62°40'N, 14°34'V, tveir 4. ágúst 1987 (OCd).

62°32'N, 12°39'V, tveir 4. ágúst 1987 (OCd).

1989:

Á sjó: 62°01'N, 14°29'V, 10. ágúst 1989 (OCd).

61°04'N, 26°26'V, 13. ágúst 1989 (OCd).

63°03'N, 24°05'V, tveir 14. ágúst 1989 (OCd).

1991:

Á sjó: Á Þistilfirði um 3 sjóm NV af Grenjanesi, 26. nóv 1991 (GG).

Fjalkjói *Stercorarius longicaudus* (99,126,2)

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síbiríu; Grænland. – Fargestur, sjaldsédari en ískjói hér við land, og sést stundum inni í landi.

Á sjó: Um 57 sjóm N af Siglunesi (66°57'N, 18°50'V), fullu 22. ágúst (HE).

Á Dohrnbanka, 8. maí (HE).

1983:

V-Hún: Reykir í Hrutafirði, fullu 29. júlí 1983 (Mike Rogers).

1987:

Á sjó: 62°56'N, 16°58'V, 29. júlí 1987 (OCd).
62°48'N, 15°57'V, 4. ágúst 1987 (OCd).
62°46'N, 15°36'V, fimmi 4. ágúst 1987 (OCd).
62°44'N, 14°56'V, þrír 4. ágúst 1987 (OCd).
62°41'N, 14°35'V, tíu 4. ágúst 1987 (OCd).
62°40'N, 14°34'V, níu 4. ágúst 1987 (OCd).
62°39'N, 14°10'V, sjö 4. ágúst 1987 (OCd).
62°38'N, 13°47'V, þrír 4. ágúst 1987 (OCd).
62°37'N, 13°40'V, fjórir 4. ágúst 1987 (OCd).
62°36'N, 13°21'V, fjórir 4. ágúst 1987 (OCd).
62°32'N, 12°39'V, tveir 4. ágúst 1987 (OCd).
62°30'N, 12°19'V, sex 4. ágúst 1987 (OCd).

1988:

Á sjó: 66°00'N, 11°00'V, 16. ágúst 1988 (OCd).
65°44'N, 10°00'V, 16. ágúst 1988 (OCd).

1989:

Á sjó: 62°14'N, 26°16'V, tveir 29. júlí 1989 (OCd).
62°05'N, 26°38'V, 29. júlí 1989 (OCd).
61°39'N, 27°22'V, 29. júlí 1989 (OCd).

Sléttumáfur *Larus pipixcan* (0,1,1)

Verpur inn til lands í norðanverðri N-Ameríku. – Sjaldséður í Evrópu og hefur aðeins sést einu sinni áður hér á landi.

S-Ping: Húsavík, fullu 29. sept (GH).

Dvergmáfur *Larus minutus* (28,52,5)

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Árlegur flækingur. Sést hér á öllum tímum árs, en þó einna helst snemma sumars.

V-Barð: Hvallátrar í Látravík, árgsamall 4. júní (AG).



12. mynd. Ungur hringmáfur *Larus delawarensis*. Höfn í Hornafirði, 14. nóvember 1992. Ljós. Brynjúlfur B ynjólfsson.



13. mynd. Fullorðinn rósamáfur *Rhodostethia rosea*. Skipar við Stokkseyri, 31. maí 1992. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

Borg: Miðsandur í Hvalfirði, árgsamall 13. júní (BH), líklega sami fugl og á Hvalfjarðareyri, sjá að neðan.

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, árgsamall 6. júní (GP).

Hvalfjarðareyri í Hvalfirði, árgsamall 7.-8. júní (BH ofl).

Snæf: Hraunsmúli í Staðarsveit, tveggja ára 26. júní (Thierry Fournet).

S-Ping: Húsavík, fullu 2. feb (GH, SG).

Trjámáfur *Larus philadelphia* (2,3,1)

Kanada og Alaska. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi og sjaldgæfur í Evrópu.

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, fullu 18. sept (BH).

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,37,1)

N-Ameríka. – Nær árlegur flækingur. Algengasti ameríski máf. rínn hér við land, sem og annarsstaðar í Evrópu.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 30. sept 1991 sást allt árið 1992 og áfram til 1993 (BB ofl), sjá einnig skýrslu 1991, ungf 14.-20. nóv (BB), 12. mynd.

Rósamáfur *Rhodostethia rosea* (12,10,3)

NA-Síbería. – Sést nær árlega við strendur V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlandseyjar. Fremur sjaldséður hér við land.

Árn: Stokkseyri og nágr., fullu 23. maí til 17. júní (Hjálmar Jónsson ofl), 13. mynd.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 17.-26. apríl (Bþ, EP ofl).

Skag: Hofsó, fullu 1. júní (Kristinn Unason).

Ísmáfur *Pagophila eburnea* (62,68,4)
Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. – Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Sést hér þó árlega, einkum við Norðurland.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, (framhald frá 1991) ungf 20. des 1991 til 2. jan (BA, BB, SSI), sjá einnig skýrslu 1991.

A-Sjó: Um 2,4 sjóm NV af Lundey á Skjálfanda, ungf 31. jan (SG).

Um 84 sjóm VNV af Barða (66°33'N, 27°03'V), fullu 20. apríl (HE).

A Dohrnbanka, tveir fullu 10. maí (HE).

Kolperna *Chlidonias niger* (22,17,1)

Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. – Fremur sjaldgæf hér á landi en hefur orpið hér.

Gull: Staður við Grindavík, 12. júní ☆ (Helgi Gamalielsson).

Hringdúfa *Columba palumbus* (-,97,5)

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Árviss að vor- og sumarlagi. Hefur orpið hér.

N-Múl: Seyðis fjörður, 21. apríl (Smári Brynjarsson).

Rvfk: Læknisgarðurinn í Fossvogi, 8. maí (GPB, HG).

A-Skaft: Svínafell í Örafum, 27. maí (JÞ).

Steinadalur í Suðursveit, 24. júní (SBl).

S-Þing: Tjörnes, 20. maí (Ingemar Ahlén).

1991:

N-Þing: Þórshöfn, 7.-11. maí 1991 (GG).

Turtildúfa *Streptopelia turtur* (-,63,5)

N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía) austur í Mið-Asíu. – Nær árviss, einkum að sumar- og haustlagi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 13.-18. júlí (HB ofl).

Höfn í Hornafirði, fullu 27. sept (BA, BB).

Reynivellir í Suðursveit, ungf 1.-4. okt (BA ofl).

Hof í Örafum, 3. des [RM10874] (Amar Bjarnason).

N-Þing: Tungusel á Langanesi, 25. sept (SG).

Snæugla *Nyctea scandiaca* (-,133,12)

Nyrstu héruð Evrópu, Asíu, meginlands N-Ameríku og N-Grænland. – Sést árlega og hefur orpið hér á landi.

V-Barð: Látraheiði við Breiðuvík, 31. maí (ÓKN ofl).

Gull: Vatnsleysuströnd, 8. mars (Ásgeir Heiðar).

N-Múl: Hallfreðarstaðir í Hróarstungu, 8.

mars (Kjartan Sigurðsson).

Hrafnabjörg í Jökulsárhlið, 7. apríl, sennilega sama og á Hallfreðarstöðum (Rögnvaldur Ragnarsson).

Rang: Reynifell á Rangárvöllum, tvær 4.-9. júlí (Ingólfur Böðvarsson).

Selssund á Rangárvöllum, 5. ágúst (Guðmundur Gíslason).

Skógshraun á Rangárvöllum, 16. sept (Haukur Jóhannesson), sennilega allt sömu fuglar á Rangárvöllum.

Eftir að dvergkrákurnar voru orðnar fjórar „skröfðu“ þær heilmikið. Nýkomnu fuglarnir voru styggir en gengu samt strax í æti með þeim sem fyrir voru. Dvergkrákurnar flökkðu nokkuð um sveitina en komu daglega heim að Hólumum. Að fáum dögum liðnum hurfu þær svo allar, en 11. apríl varð vart við fjórar dvergkrákur að Steinkirkju í Fnjóskadal (Gunnar H. Ingólfsson, munnl. uppl.), eflaust dvergkrákurnar frá Hólumum. Milli þessara staða er um 45 km bein loftlína. Daginn eftir sáuust þær við Háls í sömu sveit (Magnús Gunnarsson, munnl. uppl.) og einnig við Nes (Gunnar Valtýsson og Stefán K. ístjónsson, munnl. uppl.). Að kvöldi sama dags sáuust þær við Hríflu í Ljósavatnshreppi en flugu þaðan átt að Fremstafelli (Sigtýggur Vagnsson, munnl. uppl.) þar sem þær sáuust síðan 13. apríl (Sverrir Thorstensen, bréfl. uppl.). Næsta dag, 14. apríl, voru fjórar dvergkrákur heim við bæ að Laugabóli í Reykjadal (Dagur og Haukur T. yggvasyn-

3. mynd. Dvergkrákurnar
 á Húsavík 30. maí 1993.
 – *The Jackdaws at Húsa-
 vík on 30 May 1993.*
 Ljós- Ríkarður Rík-
 arðsson.



ir, munnl. uppl.), en 15. apríl sáust svo tvær dvergkrákur við Bólstað, fremst í Bárðardal (Héðinn Höskuldsson, munnl. uppl.).

Eftir u.þ.b. 10 daga flæking, eða ná- lægt 20. apríl, skiluðu allar dvergkrákurn- ar sér heim að Hólum og héldu þar til um tíma. Maíbyrjun hófu tvær þeirra að byggja hreiður í þakskeggi á bílskúrnum (2. mynd). Þakskeggið er lokað nema í það hafa verið gerð sjö op til þess að lokka húsundur *Bucephala islandica* til að verpa þar. Dvergkrákurnar drógu hreiður- efni inn um öll götin og var mikið um að vera meðan á hreiðurgerðinni stóð, mikill hávaði og „skraf“, einkum síðla nætur og snemma morguns. Stundum sást annar fuglinn í grasinu neðan við þakskeggið meðan maki hans var inni, stundum sat hann á þakbrúninni yfir hreiðuropinu, teygði sig fram og kíkti inn til makans og „skrafaði“ en eingöngu að morgni dags. Ólafur K. Nielsen (símaviðtal) skoðaði hreiðurgerðina 9. ma og þá var þak- skeggið nær fullt af hreiðurefni en engin egg komin. Til hreiðurgerðarinnar nýttu fuglarnir einkum afklippur af víði *Salix* og birki *Betula pubescens*, en þarna var

einnig mosi, ull og ýmis konar plastdót.

Um þremur vikum síðar, 30. maí, varð vart við tvær dvergkrákur á Húsavík og héldu þar til fram á nótt en hurfu svo. Ég sá þær í ætisleit við hesthús rétt utan bæjarins. Þessar tvær voru gæfar og af þeim voru teknar myndir (3. mynd). Dag- ana 31. maí til 4. júní voru svo tvær dvergkrákur heim við bæ í Sandfellshaga



4. mynd. Dvergkráuegg úr hreiðrinu að Hólum vorið 1993. – *A Jackdaw egg from the nest at Hólmar in spring 1993.* Ljós- Ríkarður Rík- arðsson.

í Öxarfirði. Þær héldu til í húsagarði um nætur og voru gæfar. Þær þóttu mjög upp-átektarsamar og skemmtilegar, ráku t.d. hrafa *Corvus corax* á brott með miklum látum. Einnig eltu þær unglömb en voru þá sjálfar eltar af mæðrum þeirra. Þann 6. jún sá fólk frá Sandfellshaga tvær dvergkrákur við þjóðveginn hjá Valþjófsstöðum í Núpasveit (Björn V. Björnsson og Gunnar Björnsson, símaviðtöl), en Valþjófsstaður er um 80 km beina loftlínu frá Mývatni. Gera má ráð fyrir að þær hafi verið á ferð sömu fuglar og í Sandfellshaga, og í klega sömu fuglar og á Húsavík.

Þann 6. júní kom Jóhann Óli Hilmarsson (símaviðtal) að Hólmum og skoðaði hreiðurstæði dvergkrákanna. Þá voru tilbúin hreiður í a.m.k. fimm af götunum, og í einu þeirra voru tvö egg (4. mynd). Hallgrímur á Hólmum sagði Jóhanni Óla, að varpið hefði byrjað u.þ.b. þremur vikum fyrr, þ.e. um miðjan maí. Hann sagði jafnframt að alls hefði þremur eggjum verið orpið en eitt brotnað í hreiðrinu og verið tekið af heimafólki. Hreiðrið með eggjunum var sprekahreitur, föðrað með ull.

Fuglarnir voru ekki heima við þegar Jóhann kom að Hólmum. Tveir þeirra höfðu reyndar alveg horfið nokkrum dögum áður og má leiða líkur að því, að það hafi verið varpfuglarnir og þá sömu fuglar sem sáust á Húsavík og Öxarfirði. Um það vitnar atferli fuglanna, bæði þeirra sem hurfu og þeirra sem dvöldust áfram á Hólmum. Fuglarnir sem voru taldir vaðfuglar voru mun spakari en þeir sem sáust fyrst vorið 1993, þótt þeir spektust líka og völdust heimilisfólkinu er á leið. Seinni fuglarnir tveir héldu sig einnig alltaf frá hreiðurstæðum, bæði fyrir og eftir hvarf hinna fuglanna.

Þrátt fyrir að varpfuglarnir hafi horfið ákvað heimafólk að láta eggin vera óhreyfð í þeirri von, að fuglarnir skiluðu sér á ný. Um 25. júní voru dvergkrákurnar sem eftir voru líka horfnar frá Hólmum en snéru aftur heim stuttu síðar. Þá voru egg-

in tekin af heimafólki enda löngu afrækt og ekki talið líklegt að vaðfuglarnir létu sjá sig aftur. Fram komu grunsemdir um, að önnur þeirra hafi verið skotin eða farist með öðrum hætti. Það gefur tilefni til að geta þess, að allir erlendir flækingsfuglar eru lögum samkvæmt alfríðaðir á Íslandi.

Þegar þetta er ritað (í desember 1993) dveljast dvergkrákurnar tvær enn heima að Hólmum og virðast vel á sig komnar. Þær ganga mat með dúfunum og éta allt, sem þeim er boðið. Smyrlar *Falco columbarius* sóttu nokkuð að þeir um haustið, en þær áttu auðvelt með að skjóta sér undan þeim. Heimilisfólk að Hólmum taldi smyrlana aðeins vera að leika sér við krákurnar. Þær hafa flakkað um flesta daga en komið daglega heim. Þær hafa haldið sig í trjáum um nætur en aldrei leit að skjóls í dúfnakofanum, eins og varpfuglarnir voru vanir að gera. Framtíð dvergkrákanna er vissulega óráðin. Heimilisfólkinu að Hólmum finnst það afar sárt, ef horfnu fuglarnir hafa verið skotnir og vænta þess, að þeir tveir sem eftir eru fái að lifa í friði við mannfólkið.

ÞAKK R

Heimilisfólki á Hólmum þakka ég allar upplýsingarnar. Ævari Petersen og Gauki Hjartarsyni hjálp við gagnaöflun, að taka saman enskan útdrátt, yfirlestur og aðrar góðar ábendingar. Ríkarði R. karðssyni þakka ég fyrir að fá að nota myndir úr safni hans og Ólafi K. Nielsen sem gerði útbreiðslukortið, las yfir handrit og gaf ábendingar. Öllum athugendum þakka ég veittar upplýsingar. Framrituð grein hefði orðið harla fátægleg hefði ég ekki notið þessarar aðstoðar.

HEIMILDIR

- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1986. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984. Bliki 5: 19-46.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson, 1988. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1985. Bliki 6: 33-68.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989a. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1986. Bliki 7: 23-48.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1989b. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1987. Bliki 8: 15-46.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1991. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1988. Bliki 10: 15-50.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson &

- Erling Ólafsson 1993. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1991. Bliki 13: 11-44.
- Ólafur K. Nielsen 1979. Dvergkrákur á Íslandi. Náttúrufr. 49(2-3): 204-220.
- Voous, K.H. 1960. Atlas of European Birds. Nelson.

SUMMARY

Jackdaws *Corvus monedula* attempt breeding in N Iceland

A single Jackdaw *Corvus monedula* settled at the farm Hólmar, by Lake Mývatn, North Iceland, in autumn 1991, and stayed the following winter. In June 1992 the bird was joined by another Jackdaw, and a few days later they started on a nest in a Pigeon shed. The breeding attempt came to an abrupt end when the nest was blown down in a gale on 19 June. The pair stayed at the farm for the rest of the summer, autumn, and the following winter, but towards the beginning of April 1993 two more Jackdaws settled at the farm. The birds roamed the immediate vicinity, and even made a ten-day trip further afield 45 km before returning to Hólmar again. All four birds appeared to be of the subspecies *spervologus*.

Towards the beginning of May 1993 the first two birds (it was thought) started building nests in all of seven nest-boxes in the eaves of a garage (Fig. 2).

These were originally made to attract breeding Barrow's Goldeneyes *Bucephala islandica*. Three eggs were laid in one of the nests (Fig. 4), but for reasons unknown the pair abandoned their eggs and disappeared. Presumably the same pair was seen at Húsavík and in the Óxarfjörður district between 30 May and 6 June up to 80 km away (Fig. 3).

The other two birds, presumed to be those which first appeared in spring 1993, stayed longer at the farm but had left by 25 June only to return shortly after. They are still present at the farm when this is written (December 1993).

The Jackdaw is a more or less annual visitor to Iceland. The present breeding attempts constitute the third and fourth known from this country. The first one was in 1977 when a pair built two nests in Reykjavík but no eggs were laid (Ólafur K. Nielsen 1979). The second attempt took place in the Westman Islands in summer 1987 when a single bird laid infertile eggs having been present in the area since autumn 1984 (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1986, 1988, 1989a, 1989b, Gunnlaugur Pétursson *et al.* 1991).

Sigurður Gunnarsson, Skálabrekku 1, 640 Húsavík.

Dilaskarfur á óvæntum stað

Að morgni dags laugardaginn 11. desember 1993 sá heimilisfólk á Breiðanesi og Laugabóli í Reykjadal í Suður Þingeyjarsýslu sérkennilegan fugl sitjandi um 5 metra hæð í birkitré garði við gamalt búðarhús að Laugabóli, sem er um 31 km frá sjó. Haukur Tryggvason bóndi á Laugabóli og Dagur Tryggvason bóndi á Breiðanesi skoðuðu fuglinn og greindu sem dilaskarf *Phalacrocorax carbo*. Þeir lýsti fuglinum sem stórum og dökkum með fremur langt nef, krókbogið í endann. Kviður var ljósleitur sem bendir til að um ungfugl hafi verið að ræða. Fuglinn var rytjulegur og fremur eyrmarlegur þar sem hann hndi í trénu. Athugendum ber saman um að fuglinn hafi verið blautur. Fljótlega upp úr hádegi sást hann fljúga burt suðurátt, lengra inn til landsins. Þegar fuglinn sást var hægviðri og frost um 13 stig. Jafnfallinn snjór á jörðu var um 30 sm djúpur.

Haukur minnst þess að hafa séð dilaskarf einu sinni áður í Reykjadal, en það var fyrir mörgum árum síðan, sennilega að sumarlagi.

Sá fugl sat við Reykjadalssá sem rennur skammt frá bænum. Trygvi Sigtryggsson fyrrum bóndi á Laugabóli mun hafa náð dilaskarfi við Hallbjarnarstaði Reykjadal e.t.v. fyrir 1920.

Dilaskarfar eru fremur algengir varpfuglar á vestanverðu landinu og hafa vetursetu við sjávarsíðuna allt kringum land (Ævar Petersen 1982). Það er því varla í frásögur færandi að sjá dilaskarf út við ströndina. Þeir eru öllu sjaldgæfari inn til landsins, en ungir fuglar eiga það þó til að fylgja árfarvegum langt inn í land. Dilaskarfar eru t.d. nánast árvissir á Mývatni, einkum seinnipart sumars en hafa þó einnig sést þar að vetrarlagi (Arnþór Garðarsson 1991). Dilaskarfar virðast einnig vera árvissir á Þingvallavatni seinnipart sumars og á haustin (Kjartan G. Magnússon 1992).

Þessi fugl hefur trúlega fylgt Laxá í Aðaldal, Eyvindarlæk og Reykjadalssá upp í Reykjadal. Þar hefur hann valið að setjast í tré, en þetta mun vera fyrsta skipti sem menn verða vitni að slíku hérlandis. Erlendis verpa dilaskarfar hins vegar víða í trjám. Á þessum

árstíma er Reykjadalssá allajafna ísilögð að mestu og fátt um góða setstaði fyrir skarfa. Á ánni eru þó nokkrar vakir þar sem skarfurinn hefur haft möguleika á að finna laxa og silunga sér til viðurværis.

Allar upplýsingar um þennan fund voru fengnar símleiddis frá Hauki athugunardaginn og frá Degi síðar í mánuðinum. Eysteinn Tíygvason veitti upplýsingar um dilaskarf við Hallbjarnarstaði eftir frásögn Tíygva Sigtryggssonar.

HEIMILDIR

Arnþór Garðarsson 1991. Fuglalíf við Mývatn og Laxá. Bls. 279-319 í: Náttúra Mývatns. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík. 372 bls.

Kjartan G. Magnússon 1992. Birds of the Thingvallavatn area. Oikos 64(1-2): 381-395.

Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Bls. 15-60 í: Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. 216 bls.

SUMMARY

Unusual resting place for Cormorant

Immature Cormorants *Phalacrocorax carbo* occasionally follow watercourses far inland, especially in late summer. On 11 December 1993 a Cormorant was observed sitting in a tree 31 km inland in northern Iceland. This is the first known record from Iceland of a Cormorant resting in a tree.

Gaukur Hjartarson, Grundargarði 9, 640 Húsavík.

Varpfuglar á og við Blönduós sumarið 1992

Þessi grein fjallar um varp fugla og fuglalíf nágrenni Blönduóss. Svæðið sem athuganir ná til er innan 5-10 km frá ósum Blöndu, en því er nánar lýst Blika nr. 11 (1992), bls. 65.

Himbrimi *Gavia immer*. Sást ekki á varpstöðvum sínum við Hólmavatn, þar sem himbrimar hafa verpt undanfarin ár.

Lómur *Gavia stellata*. Eitt par var á tjörn við Svagrund, greinilega við hreiður, en mér er ókunnugt hvort það kom upp ungum.

Fýll *Fulmarus glacialis*. Nokkur hreiður í sjávarklettum frá bryggju á Blönduósi út í Selvík, og var þar svipaður fjöldi og undanfarin ár.

Álft *Cygnus cygnus*. Verpir ekki á svæðinu, en færri ungar komu á svæðið um haustið en undanfarin ár.

Grágæs *Anser anser*. Gæsavarp var meðallagi og voru 40 ungar neðst í ósnum 17. júlí sem álika margir og vorið 1990. Þeir voru hins vegar miklu færri en um svipað leyti 1991.

Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Sjaldan hafa verið eins fáir ungar á svæðinu og sumarið 1992.

Skúfönd *Aythya fuligula*. Kolla var með 9 unga á Réttarvatni 25. júlí.

Duggönd *Aythya marila*. Fann hreiður með 8 eggjum hjá tjörri við Svagrund og komu ungarnir úr eggjum 16. júní.

Æður *Somateria mollissima*. Færri ungar voru á svæðinu en venjulega. Sá kollu með 2 stálpaða unga 27. júlí.

Toppönd *Mergus serrator*. Ég sá kollu með 9 stálpaða unga á Réttarvatni 7. ágúst. Fjöldi toppanda á svæðinu svipaður og áður.

Rjúpa *Lagopus mutus*. Færri karrar voru á svæðinu en oft áður. Eflaust hefur eitthvað króknað af ungum hretinu 24. júní. Sá þó rjúpu með 2 fleyga unga 11. september, og 23. september sá ég eina með 5 fleyga unga.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Tjaldar komu snemma eins og vanalega, en voru óvanalega lítið áberandi á svæðinu. Fann ekkert hreiður.

Sandlóa *Charadrius hiaticula*. Fann tvö hreiður á svæðinu. Annað fannst 10. júní með 4 eggjum sem klöktust öll, þv 4 ungar sáust 3. júlí. Hitt fann ég 13. júní, einnig með 4 eggjum, en það eyðilagðist hretinu 24. júní. Fjöldi sandlóa á svæðinu var svipaður og áður.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Fjöldi heiðlóa var svipaður á svæðinu og á seinni árum. Fann hreiður 30. júní með 2 eggjum.

Spói *Numenius phaeopus*. Færri spóar sáust en oft áður. Þó sá ég 12 í hóp 8. maí hjá Hnausum í Þingi.

Jaðrakan *Limosa limosa*. Fjöldi þeirra svipaður og árið áður. Voru þeir með óðul bæði á Hnjúkaflóa og við Hólmavatn.

Stelkur *Tringa totanus*. Óvanalega margir voru á svæðinu og mjög gott ungaár. Þann 7. ágúst sá ég 11 stelka hóp hjá Sölvabakka, en þeir voru flestir ungir.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Fjöldinn var svipaður og áður, ef marka má fjölda „hneggjandi“ karlfugla á svæðinu.

Lóupræll *Calidris alpina*. Heldur færri en oft áður. Sá þó tvo fleyga unga á Blönduósi 2 september.

Óðinshani *Phalaropus lobatus*. Færri en venjulega. Sá einn á seftjörnn við Hólmavatn, en ekki varð vart við unga á svæðinu.

Kjóli *Stercorarius parasiticus*. Færri á svæðinu en undanfarin ár. Þar á venjulegum hreiðurstað hjá Svangrund en ekki er vitað hvernig varpinu reiddi fram.

Hettumáfur *Larus ridibundus*. Varpið tókst vel. Ég fann hreiður með 2 eggjum 30. maí við tjörnina hjá Svang und og nokkurra daga gamlan unga á sama stað 16. júní. Flestir ungar voru komnir vel á legg þegar Jónsmessuhretið reið yfir (24. júní). Margir voru hér í ósnum 30. júlí og voru nokkrir fleygir ungar í þeim hóp.

Kría *Sterna paradisaea*. Krían verpti á tveimur stöðum á svæðinu, en varpið tókst mjög illa. Nokkur hreiður fundust á Bakkakotsmóm 25. júní og eitt með 2 eggjum á Hjaltabakkamóm 10. júní, en þar reyndu nokkrar kríur va þ vestan flugvallar. Mjög fáir ungar komust upp á Bakkakotsmóm. Þann 7. ágúst var stór hópur hér í ósnum, en mjög fáir ungar meðal þeirra.

Hrafn *Corvus corax*. Krummi verpti í árgilinu hjá Blöndu eins og vanalega og kom upp ungum. Svipaður fjöldi hrafna var á svæðinu og áður.

Þúfuttittlingur *Anthus pratensis*. Svipaður fjöldi og árið áður, þó virtust færri ungar komast á legg en oft áður.

Mariuerla *Motacilla alba*. Mariuerlur komu upp ungum hér og álíka mörgum og áður.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*. Sá engan á svæðinu árið 1992, sem er óvanalegt.

Skógarþröstur *Turdus iliacus*. Varp þeirra var svipað og áður. Sá fyrst unga 1. júní, og annan 28. júlí nýkominn úr hreiðri. Fjöldinn um haustið var einnig svipaður.

Sólskríkja *Plectrophenax nivalis*. Stórir hóp- ar eru hér af snjótittlingum á veturna. Eitt par verpti í sjávarhömrum Selvík eins og áður og ungaði út. Ég sá ungana nýfleyga 7. ágúst.

Auðnutittlingur *Carduelis flammea*. Þeir verptu ekki á svæðinu, en komu hér í hópum um veturinn, bæði 16. og 28. mars. Einir 17-20 fuglar sáust 20. október, og 11. nóvember var hér stór hópur á flugi.

Um jölda þeirra fugla, sem verpa ekki á svæðinu, er það að segja að straumönd *Histrionicus histrionicus*, sendlingur *Ca idris maritima* og tildra *Arenaria interpres* komu hér í svipuðum fjölda og oft áður, en músarindill *Troglodytes troglodytes* sást ekki. Máfar voru oft í stórum hópum við ósinn eins og áður. Þeir verpa ekki nálægt ósum Blöndu, en þó verpir stormáfur *Larus canus* meðfram Blöndu (við Auðólfsstaði og Æsustaði í Langadal) og svartbakur *Larus marinus* í Þingeyrasandi. Brandugla *Asio flammeus* hefur oft verpt í Sauðanesi og á Torfalækjarflóa. Branduglur sáust álíka oft og áður á svæðinu, en erfitt er að fylgjast með varpi þeirra og hvort þær koma upp ungum.

Mín skoðun í sambandi við varp fugla sem eyðileggst er þessi: Þegar varp misferst hjá mófuglum og sundfuglum, s.s. heiðlóu, krú, æður o.fl. andfuglum, yfirgefa þeir fljótlega óðul sín og blanda sér í hóp geldfugla og mynda oft stóra hópa. Annað er með spörfugla, því þeir reyna oftast annað varp.

Varp fugla á svæðinu sumarið 1992 tókst mjög misjafnlega. Það var allgott hjá sumum tegundum, eins og stelk og hettumáfi, en gekk mjög illa hjá öðrum tegundum, eins og krú og heiðlóu. Hretið sem kom 24. júní, eyðilagði varp margra fugla, bæði egg og unga.

SUMMARY

The breeding of birds in the Blönduós area, N Iceland, 1992

Some 30 species of birds breed within the radius of 5-10 km of the town of Blönduós. This is a general report on their breeding in summer 1992, with comments on several species which visit the area but breed further afield. The Latin names in text give away the species mentioned.

The breeding success of different species seemed to be highly variable, more so than in most other years. This was believed to be the result of unusual weather conditions for the summer period, heavy snow-fall and sub-zero temperatures on 24 June. The breeding success seemed to be particularly poor among Golden Plover *Pluvialis apricaria* and Arctic Tern *Sterna paradisaea*, while Redshanks *Tringa totanus* and Black-headed Gulls *Larus ridibundus* were fairly successful. This may have to do with the difference in the timing of breeding in these species.

Kristinn Pálsson, Húabraut 10, 540 Blönduós.

Ljós skógarpröstur

Í marsmánuði 1993 hafði ég spurnir af ein-kennilegum, ljósum fugli, sem var talinn vera skógarpröstur *Turdus iliacus*, í Suðurlíða-hverfi í Reykjavík. Leitaði ég að fuglinum í Hlíðunum samdægurs án árangurs.

Ekki varð aftur vart við þennan fugl fyrr en 6. apríl, en þá var ég ásamt þremur fuglaskoð-urum, Kára Joensen, Stefáni Bjarnasyni og Guðmari Gíslasyni, við fuglaathuganir í Skóg-ræktarstöðinni í Fossvogi. Fuglinn var í ætís-leit ásamt fjórum öðrum þröstum. Þegar við nálguðumst fuglinn skráði ég hjá mér lýsingu á honum. Greinilegt var að þetta var skógar-pröstur því hann var með öll þau einkenni sem þarf til að greina skógarpröst frá öðrum þröstum, rauðar síður, hvíta augnbrúnarák og ljósbrúna skeggrák. Nef og fætur voru eins og á öðrum þröstum. Það undarlega við hann var að stélið, gumpur, bak og vængir voru hvít, en hnakki, kollur, skeggrákir og rákir á bringu og kvið voru ljósbrúnir en á eðlilega lituðum skógarpræsti. Fuglinn er sýndur á 1. mynd en eðlilegur skógarpröstur á 2. mynd.



1. mynd. Övenjulega ljós skógarpröstur í Skógræktinni í Fossvogi 8. júní 1993. - *An albinistic Redwing Turdus iliacus in Fossvogur, Reykjavik, on 8 June 1993.* Ljós. Gunnar Þ. Hallgrímsson.

Næstu daga á eftir fór fuglinn að helga sér óðal í Skógræktinni, söng þar í apríl og náði sér í maka sem var eðlilega litaður. Í maí verpti svo parið 4 eggjum í grenitré á óðalinu. Stuttu síðar hætti kvenfuglinn að liggja á. Hallgrímur Gunnarsson skoðaði hreiðrið eftir að ljóst var, að það hafði verið yfirgefið. Reyndust eggin vera frjó, því daunillur grautur kom úr þeim. Eftir þetta söng þrösturinn ljósi í nokkra daga en hvarf svo.

SUMMARY

Albino Redwing *Turdus iliacus*

A partial albino Redwing *Turdus iliacus* (Fig. 1) was resident in a plantation in Fossvogur, Reykjavik, between April and June 1993. The bird was a male, paired with a normal-coloured female (cf. Fig. 2). The pair built a nest and four fertile eggs were laid but the female stopped attending it. The albino bird occupied its territory for a few days after but then vanished.

Gunnar Þór Hallgrímsson, Viðihlíð 22, 105 Reykjavík.



2. mynd. Skógarpröstur í eðlilegum lit í Fossvogskirkjugarði, Reykjavík, 13. maí 1993. - *A Redwing Turdus iliacus in Fossvogur churchyard, Reykjavik, on 13 May 1993.* Ljós. Gunnar Þ. Hallgrímsson.

Annað þing evrópskra flækingsfuglanefnda

Annað þing evrópskra flækingsfuglanefnda og sérfræðinga fuglagreiningum var haldið á Helgoland dagana 2.-9. október 1993. Undirritaður sótti þetta þing sem fulltrúi Íslands, enda einn af riturum flækingsfuglanefndarinnar slensku. Styrkur fékkst frá Fuglaverndarfélagi Íslands í þessu skyni. Hér á eftir verður sagt lítillega frá því sem þarna fór fram.

Fyrsta þingið af þessu tagi var haldið á eyjunni Texel við Holland október 1991, en það sótti undirritaður einnig ásamt Gunnlaugi Bráinssyni. Það er ekki tilviljun að eyjur skuli valdar sem samkomustaðir fyrir ráðstefnur sem þessar, þar sem farfuglaumferð um eyjar er yfirleitt mikil og fjöldi flækingsfugla heimsækir þær, sérstaklega október. Bæði Texel og þó sérstaklega Helgoland eru að auki heimsfrægir farfuglastaðir. Næst verður brugðið út af þessari „venju“ og þriðja þingið haldið skammt frá Kecskemét í Ungverjalandi í lok ágúst 1995.

Staður og stund

Helgoland er eyja undan norðurströnd Þýskalands, um 60 km norður af Cuxhaven (1. mynd). Daglegar skipaferðir eru milli Helgolands og Cuxhaven, enda heimsækja um 700.000 manns eyjuna á hverju ári. Þar búa þó aðeins um 1750 manns að staðaldri, og ástæðan fyrir öllum þessum ferðamönnum til Helgolands eru víðkunnar baðstrendur og sú staðreynd að eyjan er fríhöfn og þar fæst ýmiss ódýr varningur. Helgoland er lítil eyja, um 1 km² að stærð, og tekur aðeins um klukkustund að ganga í kringum hana. Hamrabelti er allt kringum eyjuna, um 50 m á hæð, úr rauðum sandsteini. Svolítið undirlendi er undir hömrnunum að austanverðu að mestu gert af mannahöndum. Helgoland var mun stærra áður fyrr og hefur sjórinn tekið sinn toll í gegnum aldirnar. Bretar sprengdu einnig talsvert úr eynni í síðari heimsstyrjöldinni. Skammt austan við hana er önnur eyja (hluti af Helgoland), sem kallast Düne, um 0,7 km² að stærð, mjög láglend en gróin. Þar eru baðstrendur víðfrægu og flugvöllur fyrir litlar flugvélar.

Þingið sótti 31 fuglaskoðari frá 19 löndum Evrópu og einn frá Bandaríkjunum (2. mynd). Auk þess var fulltrúi frá sjóntækjafyrirtækinu Carl Zeiss, sem borgaði uppihald og gistingu

ráðstefnugesta á farfuglaheimilinu „Haus der Jugend“. Hann kynnti þarna nýja sjónauka sem þeir eru að leggja síðustu hönd á. Þetta voru þrjár gerðir: 7x45, 8x56 og 10x56. Fengu allir sem vildu að reyna þá í fuglaskoðun úti við. Var samdóma álit flestra að fyrirtækið yrði að lagfæra þá talsvert til að þeir teldust nothæfir.

Fuglar og fuglaskoðun

Þingið stóð í sjö daga. Á morgnana og kvöldin voru haldnir fundir, en á daginn gátu menn farið í fuglaskoðun, enda var það tækifæri óspart nýtt. Alls sá hópurinn um 130 tegundir fugla (þar af sá undirritaður einar 77 tegundir). Þar sem hér voru sérfræðingar á ferð urðu þeir auðvitað varir við sérlega sjaldgæfa flækingsfugla, svo sem bleiksvarra (*Lanius isabellinus*, þriðji fyrir Þýskaland), dvalsöngvara (*Acrocephalus agricola*, annar fyrir Þýskaland) og vingultitting (*Anthus richardi*). Mikið var um aðra fuglaskoðara heimsókn á eyjunni. Eina 5 daga eftir að bleiksvarinn sást fyrst í runna fyrir utan dyrrar á farfuglaheimilinu voru allaf 5-10 manns að biða hans samtímis allan daginn, en hann sást alltaf af og til. Fyrir utan ofangreinda fugla vöktu kollsöngvari (*Phylloscopus proregulus*), austræn hagaskvetta (*Saxicola torquata maura*), hnoðrasöngvari (*Phylloscopus inornatus*), fjalllóa (*Charadrius morinellus*), og suðrænn silfurmáfur (*Larus [argentatus] cachinnans*) einna mesta athygli.

Fyrir utan einstöku flækingsfugla var að sjálf-sögðu mjög mikið af öðrum fuglum á eyjunni, sumir hverjir lítt kunnir fuglaskoðurum á Íslandi, þótt algengir teldust á þessum slóðum. Það sem mest bar á var aldeilis ótrúlegur fjöldi þúfutittlinga. Þeir voru nánast allsstaðar, yfirleitt mjög gæfir (eða þreyttir) og suma var hægt að taka með höndunum. Margir voru stéllausir, sennilega af völdum katta, og gengu því undir heitinu „Short-tailed Pipit“ meðal manna. Mikið bar á skógarþröstum og söngþröstum og allnokkrir svartþröstir voru innan um hina þrestina. Þessir fuglar sáust mest á grasflötum og löðum. Af öðrum algengum fuglum má nefna glókolla og glóbrýstinga, en þeir héldu sig eingöngu runnum. Einnig voru runntitlur og bókfinkur nokkuð algengar. Laufsöngvarar og gransöngvarar sáust alltaf



1. mynd. Frá Helgoland. Ljós. Gunnlaugur Pétursson (október 1993).



2. mynd. Þáttakendur í ráðstefnunni. Frá vinstri: Jan Lontkowski (Póllandi), Arnoud B. van den Berg (Hollandi), Tim Sharrock (Bretlandi), Paul Mosimann (Sviss), Philippe J. Dubois (Frakklandi), Marc Duquet (Frakklandi), Urban Olson (Svíþjóð), Alan Knox (Bretlandi), Eduardo de Juana (Spáni og Portúgal), Lasse J. Laine (Finnlandi), Peter H. Barthel (Þýskalandi), Paul Van Sanden (Belgíu), Walter W. Mergen (Carl Zeiss, Þýskalandi), Attila Bankovics (Ungverjalandi), Mario Camici (Sviss), Agris Celmins (Lettlandi), Michal Skakuj (Póllandi), René-Marie Lafontaine (Belgíu), Tadeusz Stawarczyk (Póllandi), Gunnlaugur Pétursson (Íslandi), Claudia C. Wilds (Bandar kjunum), Paul Hermoelen (Belgíu), Josef Chytil (Tékklandi), Andreas Ranner (Austurríki), Cecilia Bosman (Hollandi), Christine Barthel (Þýskalandi), Christian Cederroth (Svíþjóð), Andrej Sovinc (Slóveníu) og Tom Conzemius (Luxemburg). Á myndina vantar Rune G. Bosy (Noregi), Frank Stöhmer (Helgoland) og Wim Wiegant (Hollandi). – Ljós. Gunnlaugur Pétursson.



3. mynd. Austrænar margæsir af undirtegundinni *bernicla*, par og ungfugl, á Helgoland, 3. október 1993. Ljós. Gunnlaugur Pétursson.



4. mynd. Barrfinka, karlfugl, á Helgoland, 5. október 1993. Ljós. Gunnlaugur Pétursson.

annað slagið, svo og sönglævirkjar og sportittlingar flugu stundum yfir. Steindeplar og mar uerlur voru alltiðar í jörnni við farfuglaheimilið. Þar héldu einnig til austrænar margæsir (af undirtegundinni *bernicla*), par með einn unga (3. mynd). Á grasflötum og óræhtarsvæðum voru smá hópar af barrfinkum (4. mynd), sönglævirkjum og jallalævirkjum. Sjöfuglar voru fáir, aðallega silfurmáfar og svartbakar, en einnig stöku sílamáfar (af undirtegundinni *fuscus*). Allnokkrar súlur sáust á flugi (þess má geta að eitt súlupar verpur nú á Helgoland), og dílaskarfar voru algengir svo og ritur og hettumáfar. Daglega flugu stórir gæsahópar yfir, að mestu heiðagæsir en einnig helsingjar. Fjörur eru litlar á Helgoland (helst á Düne) og lélegar á íslenskan mælikvaða, enda lítið um vaðfugla. Einkum sáust heiðlóur, lóuprælar og sanderlur.

Hér að ofan hef ég minnst á nokkrar af þeim tegundum sem algengastar voru á Helgoland vikuna sem ráðstefnan fór fram, en margra er ógetið. Á Helgoland er mjög fáir innfæddir fuglaskoðar (eínir þrír eða fjórir), en þó gefa þeir árlega út mjög vandaða 70 blaðsíðna skýrslu um alla fugla sem þar sjást og selja hana á 15 þýsk mörk (um 630 kr).

Fundir og ályktanir

Á morgnana fram að hádegi og á kvöldin voru haldnir fundir um málefni flækingsfuglanefnda. Þar má nefna ýmis vandamál varðandi leysingja (innflutta fugla sem er sleppt) og

fugla sem sleppa úr búrum, en eitt umtalaðasta dæmið af slíku tagi að undanförru er glitnir (*Uragus sibiricus*) sem sást í Finnlandi. Sérfræðingar í fuglagreiningum sögðu frá erfiðum greiningarvandamálum og sýndu myndir til skýringar. Má þar nefna undirtegundir silfurmáfa (*argentatus/cachinnans/armenicus*), og hvort réttlætánlegt er að skipta silfurmáfum fleiri en eina tegund. Einnig var rætt um vandamál við greiningu á stóru þerrutegundunum rosapernu, skrautþernu og þarapernu (*Sterna maxima/elegans/sandvicensis*) og ýmsum *Emberiza*-tittlingum og *Phylloscopus*-söngvurum.

Á fundunum var talsverð umræða um sam-eiginlegan lista yfir fugla í Evrópu og ýmislegt varðandi flokkun tegunda á landslistum. Stofnað var samband evrópskra flækingsfuglanefnda og áréttað að nefndirnar færu eftir leiðbeiningum, sem gefnar voru út eftir þingið

Hollandi fyrir tveimur árum. Þessar leiðbeiningar er birtar í viðauka hér á eftir.

Hér hefur einungis verið minnst á fáein atriði sem rætt var um á þinginu á Helgoland. Nauðsynlegt er íslenska flækingsfuglanefndin sendi fulltrúa á næstu þing til þess að fylgjast með því sem er að gerast þessum málum og hvernig aðrar flækingsfuglanefndir vinna. Ef vel er haldið á spöðunum getum við lagt ýmislegt til málanna.

Gunnlaugur Pétursson

Grundvöllur að starfi evrópskra flækingsfuglanefnda

Eftirfarandi samantekt var upphaflega samín af Peter H. Barthel og var rædd og endurbætt á fyrsta fundi evrópskra og norður-amerískra flækingsfuglanefnda (frá Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Bretlandi, Finnlandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Lúxemborg, Noregi, Póllandi, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi) á Texel-eyju við Holland í október 1991. Endanleg útgáfa var samín af PHB, Pieter Bison og Claudia Wilds og samþykkt af öllum aðilum á fundinum á Texel.

Opinberar útgáfur hafa birt á ensku í *Dutch Birding* (15: 31-32) og *British Birds* (86: 301-302) og á þýsku í *Limicola* (7: 211-213), og voru þær hafðar til hliðsjónar við þýðinguna sem hér fylgir á eftir. Varðandi sðasta atriðið í leiðbeiningunum hér að neðan (nr. 12), skal tekið fram, að skiptar skoðanir voru um það á fundinum á Helgoland í október 1993 hvort stofna beri samevrópskra flækingsfuglanefnd.

Grundvöllur

Fundur óvenjulegrar fuglategundar á einhverju svæði þarf ekki að vera í tilfjörlegur atburður frá vísindalegum sjónarhóli. Slíkt tilvik geta gefið vísbendingar um far, farstefnur, útbreiðsluaukningu og afleiðingar veðuráhrifa. Þau verður þó að skrá samviskusamlega svo hægt sé að nota þau til að svara vísindalegum spurningum.

Til eru fjölmörg dæmi um fundi sjaldséðra fugla sem voru talin þýðingarlítill frávík frá hinu venjulega, samkvæmt þekkingu þess títma, en reyndust sðar vera merki um nýlega upplýst fyrirbæri. Aðeins langtímaskráningar eftir viðurkenndum reglum geta leitt í ljós hluti sem kunna að vera áhugaverðir í ljósi tðra umhverfisbreytinga.

Verulega aukin flugaskoðun seinni tð og betri þekking greiningu fugla hefur ekki aðeins leitt til mikillar fjölgunar tilkynninga um sjaldgæfa fugla heldur einnig auðveldað skráningu þeirra. Að sjá sjaldgæfan fugl er aðeins fyrsta skrefið; senda verður vitnisburð til óháðrar nefndar. Slíkar flækingsfuglanefndir, sem nú hafa náð fótfestu víða um heim, veita mikilvæga þjónustu, jafnt flugaskoðurum sem vísindamönnum, með því að rannsaka tilvikin, birta þau í árlegum skýrslum og skrá og geyma allar upplýsingar um fundi sjaldgæfra fugla (þannig að þær séu aðgengilegar öllum).

Mörgum eldri og of mörgum nýrri ritverkum hafa birst athuganir eða fullyrðingar sem hafa ekki verið rannsakaðar af æftri nefnd og styðjast ekki við neinar aðgengilegar heimildir. Slíkt tilvik eru vísindalega gagnslaus og ættu ekki að þýngja ritum á sviði fuglafræði framtíðinni.

Flækingsfuglanefndum er ekki komið á laggirnar til þess að sannreyna fullyrðingar einstakra flugaskoðara („twitchers, Rarely ténj gern“) eða til þess að búa til langa landslista. Koma sjaldgæfs fugls er í flræðilegt fyrirbæri sem á að rannsaka og fara með á sama

hátt og annað innan fuglafræðinnar, þ.e. frá vísindalegu sjónarhorni. Skráning athugunar er aðeins byrjunin, en sennilega sá hluti sem flugaskoðarar hafa mesta ánægju af. Mikilvægt er að nota þessa þekkingu til frekari rannsókna, þótt þær séu oft vanræktar. Ef lítið er á flækingsfugla frá þessu sjónarhorni verður augljóst að vísindamenn geta einungis unnið með rökstuddar eða skjalfestar athuganir en ekki sögusagnir eða óróksliðdar fullyrðingar. Eitt kæruleysislega samþykkt tilvik getur skekkt allt mynstur varðandi komur viðkomandi tegundar.

Til þess að leiða í ljós slíkt mynstur, sérstaklega þegar um mjög sjaldséðar tegundir er að ræða, er nauðsynlegt að athuga fundi frá stóru svæði. Þess vegna er náin samvinna allra evrópskra flækingsfuglanefnda nauðsynleg. Sérhver flækingsfuglanefnd (eða öllu heldur sérhver aðili á sviði fuglafræði) Evrópu verður að geta treyst ákvörðunum allra annarra flækingsfuglanefnda. Þetta verður best tryggt með því að staðla aðferðir við mat á skýrslum og hvernig niðurstöður eru fengnar. Sömu aðferðir ætti að nota í sérhverju landi í Evrópu (og jafnvel um víða veröld).

Með öðrum orðum, fluglafræði eru vísindi en ekki leiktæki flækingsfuglasafnara. Flækingsfuglanefndir eru ábyrgar fyrir þeim niðurstöðum sem þær birta.

Leiðbeiningar

Starf margra evrópskra flækingsfuglanefnda hefur verið borið saman. Flestar þeirra, sérstaklega Norður- og Mið-Evrópu, vinna á svipaðan og að því er virðist árangursríkan hátt. Flestar af eftirfarandi leiðbeiningum eru leiddar af aðferðum þeirra.

1. Flækingsfuglanefnd ætti að vinna sjálfstætt. Sérstaklega ættu ákvörðanir hennar varðandi fuglaathuganir að vera óháðar fé agasamtökum eða styrktaraðilum.
2. Flækingsfuglanefnd ætti að vera óháð stærð viðkomandi lands og hafa að minnsta kosti fimm nefndarmenn. Það virðist hvorki vera nauðsynlegt né skynsamlegt að hafa fleiri en tólf nefndarmenn. Ráðlegt er að endurnýja nefndina reglulega. Nefndarmenn skulu kosnir af nefndinni. Sérhver nefndarniður ætti að búa yfir hæfileikum sem koma nefndinni að gagni, svo sem mikilli reynslu flugaskoðun, þekkingu á rituðu efni á þessu sviði, reynslu merkingum eða rannsóknum á fuglahöfum og þekkingu á því sem er að gerast þá stundina á sviði flugaskoðunar.
3. Niðurstöður ættu að vera samhljóða eða því sem næst. Ekki ætti að samþykkja athugun með meira en einu mótakvæði. Unnt ætti að vera að endurskoða sérhverja athugun sðar.
4. Tvær aðferðir við mat á gögnum um flækingsfugla ætti að nota öðrum fremur. Hver nefndarmaður fær afrit af viðkomandi gögnum og kemst að óháðri niðurstöðu sem hann lætur ritara teki. Ef skoðanir eru skiptar á að leggja gögnin aftur fyrir nefndarmenn (með rökstuðningi með og á móti) uns þau eru samþykkt (eða þeim hafnað með að minnsta kosti tveimur mótakvæðum) þrjú um-

- ferð. Hin aðferðin er að nefndarmaður lætur álit sitt í té og sendir það ásamt viðkomandi gögnum til næsta nefndarmanns sem samþykkir eða hafnar og skráir niðurstöðu s na – og svo framvegis. Ef skoðanir eru skiptar að lokum á að senda gögnin aftur til allra nefndarmanna. Erfið tilvik er hægt að ræða á sameiginlegum fundi allra nefndarmanna.
5. Fyrstu skráðir fuglar hverrar tegundar (helst fyrstu fimm) ættu að vera staðfestir með jósmyndum, myndbandsupptökum eða hljóðupptökum. Vissu tilvikum gætu lýsingar mjög reyndra fugla skoðara nægt.
 6. Skýrslur flækingsfuglanefnda ættu að birtast árlega. Allt sem skiptir máli varðandi sérhverja athugun ætti að koma fram (tegund/undirtegund, dagsetning, staður, hérað, fjöldi fugla, aldur, kyn, heiti ábyrgra athugenda og hugsanleg gögn, svo sem ljósmyndir, myndbandsupptök eða hljóðupptök). Það ætti einnig koma fram ef fugl hefur náðst eða fundist dauður. Í s þara tilvikinu þarf að gefa upp fundarstað og safnnúmer. Skrá yfir tegundir sem flækingsfuglanefnd fjallar um ætti að birtast reglulega og vera fánleg eftir beiðni. Samantekt á ensku, frönsku eða þýsku ætti að fylgja skýrslum á öðrum tungumálum. Sérhver flækingsfuglanefnd ætti að senda árlegar skýrslur sínar til allra annarra evrópskra flækingsfuglanefnda.
 7. Fyrstu (eða helst fyrstu fimm) fugla hverrar tegundar ætti alltaf að birta í ítarlegri grein í kunnunni tímariti (ekki héraðsfréttablaði) þar sem meðal

- annars er lýsing og ljósmyndir (jafnvel þótt lélegar séu), ásamt enskri, franskri eða þýskri samantekt. Geyma ætti allar upplýsingar varðandi athuganir í skjalasafni sem er öllum aðgengilegt.
8. Sérhver flækingsfuglanefnd ætti að kanna gamlar óvenjulegar athuganir. Sérstaklega ætti að endurskoða athuganir á tegundum sem erfiðar eru í greiningu ef fram hafa komið nýjar aðferðir við greiningu þeirra.
 9. Tegundir sem talið er líklegt eða vitað með vissu að hafi sloppið úr haldi (eða aðrar sem vafasamt er að flækist langt) ættu að fá sömu meðferð og raunverulegir flækingsfuglar. Skrá ætti allar upplýsingar um þær í viðauka við árlega skýrslu nefndarinnar. Annars er hætta á að gagnlegar upplýsingar týnist (og því verði ekki hægt að athuga þær á þar eða rannsaka tímasetningu með tilliti til raunverulegrar komu).
 10. Sérhver flækingsfuglanefnd ætti að reyna að koma í veg fyrir að upplýsingar sem ekki hafa verið samþykktar af nefri dinni birtist á prenti.
 11. Ef nefnd á í erfiðleikum með að dæma upplýsingar hvað varðar tegund eða uppruna ætti hún að leita til sérfræðings í stað þess að komast að ófll-nægjandi niðurstöðu.
 12. Allir þátttakendur voru á þeirri skoðun að reyna ætti að koma á fót evrópskri fuglaskrárnefnd svo og evrópskri flækingsfuglanefnd. Nánar verður rætt um framkvæmdina á næsta fundi. Einnig var ákveðið að þing evrópskra flækingsfuglanefnda skyldi halda á milli annað hvert ár.

RITFREGNIR

Proceedings of the Seventh Nordic Congress of Ornithology, 1990.

Útg. Miljöministeriet, Danmarks Miljøundersøgelser i samarbejde med Dansk Ornitologisk Forening, Skandinaviska Ornitologiska Unionen. 1993.

Ritstjóri er Jesper Madsen.

136 bls.

Verð 150.- danskar kr., eða alls um 1575.- sl. kr. + VSK.

Blika hefur borist ofangreint rit með erindum sem flutt voru á 7. norrænu ráðstefnunni um fugla, en hún var haldin í Skive, Danmörku, í ágúst 1990. Þessarar ráðstefnu var

getið í Blika á sínum tíma (hefti nr. 8, bls. 63-64, 1989). Þátttakendur voru 79 frá sex löndum, langflestir eða 57 frá Danmörku, en enginn Íslendingur sá sér fært að sækja hana. Í formála segir að þessar norrænu ráðstefnur séu haldnar til þess að fuglafræðingar og áhugafólk um fugla geti kynnst og fræðst um nýjungar í fuglafræði.

Alls eru í ritinu 21 erindi auk niðurstöðna vinnufundar um fjöruspóa sem haldinn var í lok ráðstefnunnar. Flest erindi voru um ýmsar rannsóknir á f. glum á Norðurlöndum eða 13, sjö um fuglavernd og eitt sögulegt yfirlit um starf norræna fuglafræðisambandsins (Skandinaviska Ornitologiska Union).

Tvær af greinunum ritinu innihalda litils-
háttar upplýsingar frá Íslandi. Önnur þeirra
(eftir F. Danielsen, H. Skov og J. Durinck) er
yfirlit um stærð vetrarstofns lóms og glitbrúsa
í norðvestur Evrópu. Hún byggir m.a. á upp-
lýsingum sem safnað hefur verið í fuglataln-
ingum um jólalettið (svokölluðum jótataln-
ingum) hér á landi. Hin greinin fjallar um þró-
un samfélaga fugla sem halda sig á ferskvatni,
sérstaklega samskipti goða við aðra vatna-
fugla, og byggir hún á rannsóknum við Mý-
vatn vegna doktorsritgerðar höfundarins J.
Fjelds.

Annars eru flestar greinarnar um fuglateg-
undir sem eru Íslendingum frامandi. Sumar
greinar eru áhugaverðar frá fræðilegum sjón-
arhóli en aðrar fjalla um tegundir sem einnig
fyrnast hérlendis. Þannig má nefna grein um
dreifingu sjófugla á Norðursjó og hvaða þættir
hafi áhrif þar á og grein svipaðs eðlis um æð-

arfugl við Danmörku. Þá kann sumum að
þykja áhugavert að kynna sér áhrif skógar-
höggs á fuglalíf í sænskum skógum. Einnig
má nefna tvær greinar um fuglavernd, og var
önnur flutt af framkvæmdastjóra Allþjóða
fuglaverndarráðsins, C. Imboden. Hann tók
saman yfirlit um hve mörgum fuglategundum
hefur verið útrýmt í heiminum eða eru yfir-
vofandi hættu. P. Clausen fjallar hins vegar
um hvernig Norðurlöndin geta lagt sitt að
mörkum til fuglaverndar á alþjóðavettvangi.

Íslenskir fuglaáhugamenn eru hvattir til að
verða sér úti um eintak af þessu ráðstefnuriti.
Flest erindin eru á ensku en nokkur á dönsku.
Ritið fæst hjá National Environmental Re-
search Institute, Dept of Wildlife Ecology,
Grønvej 12, Kalø, DK-8410 Rønde, Dan-
mark.

Ævar Petersen

Þrjú bresk fuglatímarit

Hér verður fjallað lauslega um þrjú bresk
fuglatímarit, *British Birds*, *Birding World* og
Birdwatch. Fyrir skömmu barst *Bliki* eintak af
Birdwatch og var óskað eftir því að tímaritið
væri kynnt, en þar sem hin hafa verið betur
þekkt hér á landi fljóta þau með í þessari
kynningu (aldursröð til þess að gæta hlut-
leysis). Tímaritin eru fyrst og fremst ætluð
fuglaskoðurum. Uppgefið áskrifstarverð er fyrir
Íslenska áskrifendur og miðast við ágúst 1993,
en er án virðisaukaskatts hér. Greiða má
áskrift ritanna með greiðslukortum.

British Birds

British Birds er langelst þessara tímarita,
hóf göngu sína laust eftir síðustu aldamót. Það
kemur úr mánaðarlega og kostar 37,20 bresk
pund á ári (um 3980 kr). Hvert hefti er 50-60
blaðsíður og í heldur minna broti en *Bliki*. Í
því birtast greinar um fugla á Bretlandseyjum
og Evrópu (yfirlitt ein í hverju hefti), um
greiningar evrópskra fugla, bréf frá lesendum,
fuglamyndagátur (m.a. með ferðaverðlaunum),
fuglafréttir, ritfregnir, kynningar á sjónaukum
og jörsjám, flækingsfuglafréttir og árlegar
skýrslur um flækingsfugla á Bretlandseyjum,
auk auglýsinga af ýmsu tagi sem höfða til

fuglaskoðara. Áskrifendur ritsins geta pantað
fuglabækur á góðu verði frá dreifingaraðila í
Bretlandi (án burðargjalds). Flestar myndir í
ritinu eru svart-hvítar, en þó eru yfirlitt all-
margar litmyndir hverju hefti. Hægt er gerast
áskrifandi með því að skifa til *British Birds*,
Circulation Manager, *Fountains*, *Park Lane*,
Blunham, *Bedford MK44 3NJ*, *England*.

Birding World

Birding World er tiltölulega nýtt tímarit,
sem byrjaði að koma úr árið 1988. Það hefur
breyst mikið og er nú mun stærra og vandaðra
en áður. Það kemur út mánaðarlega og kostar
árgangurinn 38,00 bresk pund (um 4070 kr).
Hvert hefti er um 40 síður, og er ritið í mun
stærna broti en áður nefnt tímarit og heldur
stærna en *Bliki*. Í ritinu birtast nær eingöngu
greiningargreinar um evrópska fugla, og höfð-
ar því jafnt til evrópskra sem breskra fugla-
skoðara. Í hverju hefti eru fjölmargar myndir,
nær eingöngu í lit. Auk þess eru fréttir af
flækingsfuglum, almennar greinar um evr-
ópska fugla, kynningar á athyglisverðum
fuglaskoðunarstöðum í Evrópu, stuttar fugla-
fréttir utan úr heimi, ljósmyndakynningar,
fuglagátur, lesendabréf, ritfregnir, auglýsingar
og ýmislegt annað sem að fuglum lýtur.
Áskrifendur geta pantað fuglabækur frá dreif-



ingaraðila í Bretlandi. Hægt er gerast áskrifandi með því að skrifa til *Birding World*, *Circulation Manager*, *Stonerunner*, *Coast Road*, *Cley next the Sea*, *Holt, Norfolk NR25 7RZ, England*.

Birdwatch

Birdwatch er yngst þessara tímarita og nokkuð annars eðlis. Það er nú á öðru ári, og kemur út á tveggja mánaða fresti og kostar 34,00 bresk pund á ári (um 3640 kr). Tímaritið er í stóru broti (A4), og því jafnstórt ýmsum tímaritum sem koma út hér á landi og er m.a. seld í lausasölu í söluturnum. Hvert hefti er rúmlega 70 síður að stærð, fullt af alls konar upplýsingum um fugla, svo sem löngum

og stuttum greinum, pistlum og fréttatilkynningum um algenga og sjaldgæfa fugla, greinum um fuglavernd og fuglaskoðunarstaði á Bretlandseyjum og annarsstaðar í Evrópu, bréfum frá lesendum og kynningum á sjón-tækjum og bókum. Mikið er af auglýsingum í hverju hefti. Tímaritið höfðar fyrst og fremst til breskra fuglaskoðara, en hérlendir geta án efa fundið þar margt við sitt hæfi. Nær allar ljósmyndir eru í lit. Hægt er gerast áskrifandi með því að skrifa til *Birdwatch Subscriptions*, *1 Northumberland Park I.E., 76-78 Wil-loughby Lane, London N17 0SN, England*. Nýir áskrifendur fá þrjú eldri hefti gefins.

Gunnlaugur Pétursson

Fuglagátá

2 Myndin sem birtist í síðasta hefti *Blika* (bls. 62) sem fuglagátá nr. 2, er af kollu sem sást í Laugardal í Reykjavík veturinn 1992-93 (1. mynd). Fuglinum svipar til stökk-andar (*Anas platyrhynchos*), en höfuðlagið er öllu finlegra. Mynstrið á höfði er svipað og goggur er grár eins og á grafönd (*Anas acuta*). Litmynstur á neðanverðum hálsi, bringu, axl-arfjöðrum, síðum og gumpi er eins og á stökk-önd, sjá kollu í bakgrunni. Vængþökur eru áberandi á fuglinum á myndinni. Þær eru grárri en á stökkönd. Spegillinn sést aftur á

móti illa, en hann er með hvítum jaðri að neð-an eins og á stökkönd en brúnum að ofan eins og á grafönd. Stað bláa aðallitarins er þessi fugl með grænan spegil. Fætur eru gráleitir eins og á grafönd, en þó með gulleitum blæ. Það er því ljóst að lesendur *Blika* hafa verið blekkir þegar þeir voru beðnir um að greina tegund, því hér er um tvær tegundir að ræða, grafönd og stökkönd, þ.e. kynblending þessara tegunda. Þegar þetta er ritað í febrúar 1994, hefur kynblendingskolla eins og sú sem lýst er hér að ofan haldið sig í nokkra daga á Tjörn-



1. mynd (fuglagáta nr. 2). Kynblendingskolla grafandar og stokkandar. Laugardalur, 7. apríl 1993. – *A hybrid female Pintail and Mallard. Laugardalur, Reykjavík, 7 April 1993.* Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.



2. mynd. Kynblendingssteggur grafandar og stokkandar með stokkandarpari. Laugardalur, 2. mars 1993. – *A hybrid male Pintail and Mallard and a pair of Mallard. Laugardalur, Reykjavík, 2 March 1993.* Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

inni í Reykjavík. Hún hefur notið mikillar hylli rauðhöfðasteggjar (*Anas penelope*) sem þar dvelur, en hann hafði einnig gert sér dælt við æðarkollu (*Somateria mollissima*), svo möguleikarnir á kynblöndun aukast enn.

Karlfugl, kynblendingur grafandar og stokkandar, sást á Tjörnninni, Hafnarfjarðarlæk, Skerjafirði og víðar veturinn 1990 til 1991, og var e.t.v. um tvo fugla að ræða. Síðan hafa 1-2 karlfuglar sést á hverjum vetri og flakka þeir víða um Innnes. Steggur í fylgd stokkanda hefur verið árviss á opnum tjörnum í Grasagarðinum og Húsdýragarðinum í Laug-

ardal undanfarna vetur (uppl. frá Þorsteini Einarssyni), sjá 2. mynd. Þessir kynblendingssteggir hafa allir verið svipaðir útlits, ef ekki er um sama fugl að ræða í flestum tilfellum. Litur steggjarins minnir mest á lit stokkandarsteggjar, en vaxtarlagið er hið mjóslegna, rennilega lag grafandar. Goggur er eins og á grafönd. Höfð er grænt með brúnleitum blæ. Í stað krókfjaðra á stéli eins og á stokkandarstegg, er kynblendingurinn með langar stél-fjaðrir grafandar. Það vottar fyrir hvítum háls-hliðarákum og undirgumpur svipar til grafandarsteggjar. Bringan er ljósari en á stokkönd, axlar fjaðrir og fætur einhvers staðar mitt á milli, en afgangurinn fjaðurhamsins er eins og á stokkönd.



Fuglagáta nr. 3. Greinið tegundina. – *Mystery photograph No.3. Identify the species.*

SUMMARY

Mystery photograph: hybrids between Pintail and Mallard

Mystery photograph no. 2 (*Bliki* no. 13: 62) shows a female hybrid Pintail (*Anas acuta*) and Mallard (*A. platyrhynchos*). This bird was resident in Laugardalur, Reykjavík, in winter 1992-93. The bird was also seen on Lake Tjörnnin where it has been courted by a drake Wigeon (*A. penelope*).

Jóhann Óli Hilmarsson



CONTENTS

Sverrir Thorstensen & Ævar Petersen: The breeding biology of Redpolls <i>Carduelis flammea</i> in N Iceland	1
Gunnlaugur Pétursson: Subalpine Warbler <i>Sylvia cantillans</i> recorded in Iceland	13
Hálfván Björnsson: Cliff Swallow <i>Hirundo pyrrhonota</i>, a new species for Iceland	15
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson: Rare birds in Iceland in 1992	17
Sigurður Gunnarsson: Jackdaws <i>Corvus monedula</i> attempt breeding in N Iceland	49
Unusual resting place for Cormorant	53
The breeding of birds in the Blönduós area, N Iceland, 1992	54
Albino Redwing <i>Turdus iliacus</i>	56
The second meeting of European rarities committees	57
Book and magazine reviews	61
Mystery photograph	63



EFNI

Sverrir Thorstensen og Ævar Petersen: Varphættir auðnutittlinga á Norðurlandi	1
Gunnlaugur Pétursson: Kampasöngvari finnst á Íslandi	13
Hálf dán Björnsson: Klettasvala á Íslandi	15
Gunnlaugur Þráinsson, Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1992	17
Sigurður Gunnarsson: Dvergkrákur á norðurslóð	49
Dilaskarfur á óvæntum stað	53
Varpfuglar á og við Blönduós sumarið 1992	54
Ljós skógarpröstur	56
Annað þing evrópskra flækingsfuglanefnda	57
Ritfregnir	61
Fuglagáta	63